

Ár 2012, miðvikudaginn 27. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp dómur í máli nr. E-611/2010:

**Orkuveita Reykjavíkur**

*(Elín Smáradóttir hdl.)*

**gegn**

**íslenska ríkinu**

*(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)*

**sveitarfélaginu Ölfusi**

*(Ólafur Björnsson hrl.)*

**Grímsnes- og Grafningshreppi,**

**Birki Kristjánssyni,**

**Kristjáni Jónssyni**

*(Óskar Sigurðsson hrl.)*

**og til réttargæslu**

**Guðmundi A. Birgissyni,**

**Aldísi Eyjólfsdóttur,**

**Jónu Guðnýju Eyjólfsdóttur,**

**Jóni Guðmundssyni,**

**Friðriki Kristjánssyni,**

**Gesti Kristjánssyni,**

**Steinunni Tómasdóttur,**

**Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur,**

**Karítas Halldóru Gunnarsdóttur,**

*(Indriði Þorkelsson hdl.)*

**Ara Eggertssyni,**

**Gunnlaugi Jóhannssyni,**

**Vilnýju Reynkvist Bjarnadóttur, f.h.**

**db. Sigurgeirs Jóhannssonar,**

**Birni Kristjánssyni,**

**Loftveigu Kristjánsdóttur,**

**Kristni Jóni Kristjánssyni og**

**Ásgeiri Kristjánssyni**

*(enginn)*

Mál þetta, sem upphaflega var dómtekið þann 3. nóvember sl., en endurupptekið og flutt að nýju þann 30. maí sl., er höfðað með stefnu birtri á tímabilinu frá 20. nóvember 2010 til 26. nóvember sama ár.

Stefnandi er Orkuveita Reykjavíkur, kt. 000000-0000, Bæjarhálsi 1, Reykjavík.

Stefndu eru íslenska ríkið, kt. 000000-0000, Arnarhvoli, Reykjavík, sveitarfélagið Ölfus, kt. 000000-0000, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn, Grímsnes- og Grafningshreppur, kt. 000000-0000, Félagsheimilinu Borg, Birkir Kristjánsson, kt. 000000-0000, Borgarhrauni 29, Hveragerði og Kristján Jónsson, kt. 000000-0000, Kletthlíð 14, Hveragerði.

Réttargæslustefndu eru Guðmundur A. Birgisson, kt. 000000-0000, Núpum III, 801 Selfoss, Aldís Eyjólfsdóttir, kt. 000000-0000, Vötnum I, 801 Selfoss, Jóna Guðný Eyjólfsdóttir, kt. 000000-0000, Efstahjalla 15, Kópavogi, Jón Guðmundsson, kt. 000000-0000, Tjaldhólum 15, Selfossi, Friðrik Kristjánsson, kt. 000000-0000, Tjaldhólum 15, Selfossi, Gestur Kristjánsson, kt. 000000-0000, Heiðarhjalla 29, Kópavogi, Steinunn Tómasdóttir, kt. 000000-0000, Flókagötu 59, Reykjavík, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, kt. 000000-0000, Mávahrauni 7, Hafnarfirði, Karítas Halldóra Gunnarsdóttir, kt. 000000-0000, Úthlíð 12, Reykjavík, Ari Eggertsson, kt. 000000-0000, Eystri Þurá I, 801 Selfoss, Gunnlaugur Jóhannsson, kt. 000000-0000, Birkimörk 1, Hveragerði, Vilný Reynkvist Bjarnadóttir, kt. 000000-0000, Sóltúni 5, Selfossi, f.h. dánarbús Sigurgeirs Jóhannssonar, Björn Kristjánsson, kt. 000000-0000, Efstalandi, 801 Selfoss, Loftveig Kristjánsdóttir, kt. 000000-0000, Vesturbergi 127, Reykjavík, Kristinn Jón Kristjánsson, kt. 000000-0000, Strikinu 12, Garðabæ og Ásgeir Kristjánsson, kt. 000000-0000, Vesturbergi 131, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að felldir verði úr gildi að hluta úrskurðir óbyggðanefndar frá 31. maí 2006 í málunum nr. 6/2004, Ölfus og nr. 5/2004, Grafningur:

Í fyrsta lagi að felldur verði úr gildi úrskurður óbyggðanefndar frá 31. maí 2006 í málinu nr. 6/2004, Ölfus um að landsvæði á Helligsheiði, sunnar Ölfusafréttar, sem lýst er hér á eftir, teljist þjóðlenda: *Frá hæsta hnjúki á Reykjafelli beina sjónhendingu í Hengildalsá við Orustuhól syðst í Litla Skarðsmýrarfjall, en þaðan fylgir markalínan Hengladalsá niður að Lambavaði við neðra ístopp. Frá Lambavaði er línan dregin beint í austur í norðurenda einkennilegrar gjár og þaðan í norðvestur í rauðleitan melhnjúk fyrir framan Kýrgilshnjúka. Frá því marki liggur línan beina sjónhendingu í fyrrgreindan hnjúk á Reykjafelli.*

Í öðru lagi að viðurkennt verði að norðurmörk landa stefnanda í sveitarfélaginu Ölfusi, sem bera eftirtalin landnúmer: 186744 (skipt úr landi Ytri-Purár og Eystri-Purár), 177456 (skipt úr landi Núpa I, II og III, 186748 (skipt úr landi Vatna, Kröggólfsstaða, Þúfu), 186747 (skipt úr landi Litla-Saurbæjar I og Stóra-Saurbæjar) verði um línu sem skilur að framangreind lönd og afrétt og sem dregin er úr eystra horni Reykjafells (punktur 1) í rauðbleikan melhól upp af Kýrgili (punktur 2).

Í þriðja lagi að viðurkennt verði að mörk landa stefnanda í Grímsnes- og Grafningshreppi, sem bera landnúmerin 170832 Ölfusvatn, 198331 (Hagavíkurlaugar II), sem skipt var út úr landi jarðarinnar Hagavíkur, verði um línu sem dregin er úr rauðbleika hólnum upp af Kýrgili (punktur 2) í punkt við Hengilsyllur á mörkum Hagavíkur og Nesjavalla (landnúmer 170825) (punktur 3).

Framangreind kröfulína og punktar 1, 2 og 3 eru hnitasettir og sýndir á dskj. nr. 3.

Þess krafist að stefnda, íslenska ríkinu, verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins eins og málið væri ekki gjafsóknarmál en stefnandi fékk gjafsókn í málinu með bréfi innanríkisráðuneytis dagsettu 9. maí 2011.

Stefnandi skorar á réttargæslustefndu að veita sér styrk í málinu og gæta þar annars réttar síns.

Dómkröfur stefnda íslenska ríkisins voru þær aðallega að málinu yrði vísað frá dómi og stefnanda yrði gert að greiða þessum stefnda málskostnað að mati dómsins. Til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða þessum stefnda málskostnað að mati dómsins. Með úrskurði dómsins upp kveðnum 10. júní 2011 var frávísunarkröfu þessa stefnda hafnað og ákvörðun um málskostnað látin bíða efnisdóms.

Dómkröfur stefnda sveitarfélagsins Ölfuss eru þær að þessi stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda. Þá er þess krafist að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt reikningi eins og málið væri ekki gjafsóknarmál en þessi stefndi fékk gjafsókn í málinu með bréfi innanríkisráðuneytis dagsettu 9. maí 2011.

Dómkröfur stefnda Grímsnes- og Grafningshrepps eru þær að þessi stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt reikningi eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en þessi stefndi fékk gjafsókn í málinu með bréfi innanríkisráðuneytis dagsettu 4. mars 2011.

Stefndu Birkir og Kristján eru sammála kröfum stefnanda í 1. kröfulið, þ.e. að felldur verði úr gildi úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 6/2004 frá 31. maí 2006 að því leyti sem úrskurðurinn tekur til lands Litla-Saurbæjar í Ölfusi, en gera þá kröfu að hafnað verði kröfu stefnanda í kröfulið 2 og mörk þjóðlendu (Ölfusafréttar) og heimalands Litla-Saurbæjar verði dregin sem bein lína úr hæsta hnjúk í Reykjafelli í rauðleitan melhnjúk fyrir framan Kýrgilshnjúka, þ.e. úr punkti A í punkt K, eins og sýnt er á uppdrætti á dómskjali nr. 86. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt reikningi eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en þessir stefndu fengu gjafsókn í málinu með bréfi innanríkisráðuneytis dagsettu 7. apríl 2011.

Þau réttargæslustefndu sem hafa látið málið til sín taka gera þær dómkröfur að stefnandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað að skaðlausu að mati réttarins. Réttargæslustefndu taka undir kröfugerð stefnanda.

## Málavextir.

Stefnandi segist vera eigandi eftirtalinna jarða og landssvæða í sveitarfélaginu Ölfusi og Grímsnes- og Grafningshreppi:

**Landnúmer 186744**, skipt út úr landi Ytri-Þurár og Eystri-Þurár I með landskiptagerð 8. janúar 1999. Landið sé 809 ha að stærð, keypt 8. janúar 1999 af réttargæslustefndu Þogerði og Karítas vegna Ytri-Þurár og réttargæslustefnda Ara vegna Eystri-Þurár I, sbr. afsal dags. 21. apríl sama ár. Landið afmarkist af afrétti Ölfuss að norðan, landi stefnanda nr. 190529, sem skipt hafi verið út úr jörðinni Þóroddsstöðum að vestan, Þurárlöndum að sunnan og landi stefnanda, landnúmer 177456, skipt út úr landi Núpa 1, 2 og 3 að austan.

**Landnúmer 177456**, skipt út úr landi Núpa 1, 2 og 3 með landskiptagerð 2. maí 1997. Landið sé 2622 ha að stærð, keypt 8. janúar 1999 af réttargæslustefndu Guðmundi, Sigurgeiri og Gunnlaugi, sbr. afsal dags. 21. apríl sama ár. Landið afmarkist af afrétti Ölfuss að norðan, landi stefnanda, landnúmer 186744 (áður Ytri-Þurá og Eystri-Þurá I) að vestan, landi Núpa 1, 2 og 3 að sunnan og af landi stefnanda, landnúmer 186748 (áður Kröggólfsstaðir, Vötn og Þúfa) að austan.

**Landnúmer 186748**, skipt út úr landi Kröggólfsstaða, Vatna og Þúfu með landskiptagerð vegna Vatna dags. 9. nóvember 1998 og vegna Kröggólfsstaða og Þúfu dags. 5. febrúar 1999. Landið sé 590 ha að stærð, keypt með tveimur kaupsamningum, dags. 8. janúar 1999 vegna Vatna af réttargæslustefndu Aldísi og Jónu Guðnýju, sbr. afsal dags. 21. apríl sama ár og kaupsamningi dags. 3. febrúar sama ár vegna Kröggólfsstaða og Þúfu af stefnda, íslenska ríkinu, sbr. afsal dags. 22. ágúst 2000. Landið afmarkist af afrétti Ölfuss að norðan, landi stefnanda, landnúmer 177456, (skipt út úr landi Núpa 1, 2 og 3) að vestan, landi Kröggólfsstaða, Vatna og Þúfu að sunnan og landi stefnanda, landnúmer 186747 (áður Litli-Saurbær I og Stóri-Saurbær) að austan.

**Landnúmer 186747**, skipt út úr landi Litla-Saurbæjar I og Stóra-Saurbæjar með landskiptagerð, dags. 8. janúar 1999. Landið sé 395 ha að stærð, keypt með tveimur kaupsamningum, dags. sama dag vegna Stóra-Saurbæjar af réttargæslustefndu Jóni, Friðriki, Birni, Loftveigu, Kristni, Ásgeiri og Gesti, sbr. afsal dags. 21. apríl sama ár og með kaupsamningi dags. 8. janúar 1999 vegna Litla-Saurbæjar I af réttargæslustefndu Guðmundi og Steinunni, sbr. afsal dags. 21. apríl sama ár. Landið afmarkist af afrétti Ölfuss að norðan, landi stefnanda, landnúmer 186748 (áður Kröggólfsstaðir, Vötn og Þúfa) að vestan, landið Saurbæja að sunnan og landi Reykjatorfunnar að austan.

**Ölfusvatn**, landnúmer 170832, 1635 ha að stærð, keypt með kaupsamningi dags. 30. júlí 1985, sbr. afsal dags. 31. desember sama ár af Helgu Ingimundardóttur, Benedikt Sveinssyni, Einari Sveinssyni, Guðrúnu Sveinsdóttur og Ingimundi Sveinssyni. Landið afmarkist af Þingvallavatni, landi Hagavíkur og Hagavíkurlauga I og II, afrétti Ölfuss og landi Reykjatorfunnar.

**Hagavíkurlaugar I**, landnúmer 198331, 598 ha að stærð, keypt 30. apríl 2004, sbr. afsal dags. 7. september sama ár af Tómasi Helgasyni, Ragnhildi Helgadóttur og Bjarna Helgasyni. Landinu hafi verið skipt út úr landi Hagavíkur með landskiptagerð þann 30. apríl sama ár, sbr. stofnskjál dags. sama dag.

**Hagavíkurlaugar II**, landnúmer 198332, 221 ha að stærð, keypt 30. apríl 2004, sbr. afsal dags. 1. október sama ár af Bjarna Helgasyni. Landinu hafi verið skipt út úr landi Hagavíkur með landskiptagerð þann 30. apríl sama ár, sbr. stofnskjál dags. sama dag.

Land Hagavíkurlauga I og II afmarkist af landi Hagavíkur, Nesjavöllum, afrétti Ölfuss og landi Ölfusvatns.

**Nesjavellir**, landnúmer 170825, 2777 ha að stærð, keypt 22. apríl 1965 af Óla V. Metúsalemssyni.

Nesjavellir afmarkist af Þingvallavatni, landi Nesja, afrétti Ölfuss og landi Hagavíkur og Hagavíkurlauga I og II.

Stefnandi segir eignarhald sinn á þessum landsvæðum óumdeilt, en mörk þeirra gagnvart afrétti fari eftir því frá hvorum rauðbleika melhólnum stefna sé tekin í punkt 3.

Með bréfi dagsettu 27. október 2003 til fjármálaráðherra, tilkynnti óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000, þá ákvörðun sína að taka til meðferðar landsvæði á svæði IV, en það tekur yfir sveitarfélög í Gullbringu- og Kjósarsýslu, auk þess hluta Árnassýslu sem nefndin hefur ekki þegar tekið afstöðu til. Með tilkynningu í Lögbirtingablaðinu 3. mars 2004 tilkynnti nefndin að tekið hafi verið til meðferðar svæði sem afmarkast svo: „Að norðan af mörkum Kjósahrepps og Hvalfjarðarstrandahrepps, sem fylgir suðurmörkum jarðarinnar Stóra-Botns í Hvalfjarðarstrandahreppi, til austurs í Háu-Súlu (sem jafnframt er hornmark Borgarfjarðarsýslu) og síðan að suðurmörkum þeirra jarða í uppsveitum Árnassýslu sem Óbyggðanefnd hefur þegar tekið afstöðu til (svæði I hjá Óbyggðanefnd mál 1-7/2000). Að austan afmarkast

*svæðið af Þjórsá en að sunnan og vestan af hafi, allt norður að fyrrgreindum suðurmörkum Stóra-Botns í Hvalfjarðarstrandarhreppi.*“

Þá var þess getið að fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins hafi lýst kröfum sínum um þjóðlendur og hafi sú kröfulýsing komið landeigendum í Ölfusi í opna skjöldu þar sem svæðið tilheyri ekki hálendi Íslands og ekki vitað til þess að ágreiningur væri um eignarhald á þeim jörðum sem afmarkist við afrétt. Eigi landeigendur athugasemdalausar þinglýstar eignarheimildir fyrir þeim landsvæðum sem ríkið hafi gert tilkall til. Stefnandi segist eiga mikilla hagsmuna að gæta á umræddu svæði, en hann hafi keypt hluta jarða til orkunýtingar í Ölfusi í tveimur áföngum á árunum 1999-2001 og hafi framkvæmdir hafist fljótlega eftir kaupin. Stefnandi segist hafa keypt hluta af þeim jörðum sem hér eru til umfjöllunar á árunum 1999 og 2000, en þá hafi þjóðlendulögin tekið gildi. Kveður stefnandi að ýtrustu varfærni hafi verið gætt við kaupin og þess hafi verið gætt að umrædd lönd væru eignarlönd en ekki afréttur eða þjóðlenda. Hafi stefndi íslenska ríkið verið meðeigandi í tveimur þessara jarða, eða með 70.44% hlutdeild í óskiptu landi Kröggólfsstaða og Þúfu. Hafi þessi stefndi ásamt öðrum landeigendum á svæðinu boðist til að selja hlut sinn og hafi fjármálaráðherra aflað heimildar Alþingis til sölunnar, sbr. 7. gr. fjárlaga ársins 2000. Þá hafi landbúnaðarráðherra undirritað kaupsamninginn og stefnandi greitt kaupverðið. Í kaupsamningi komi fram að ágreiningur kunni að rísa um landamerki jarðanna gagnvart afrétti Ölfuss, þ. e. hvort þverlína 1 eða 2 á uppdrætti sem var fylgiskjal kaupsamnings skyldi gilda. Fyrst eftir að samningur við stefnda íslenska ríkið var í höfn hafi verið gengið til samninga við aðra landeigendur. Hafi allir þeir samningar verið bornir undir þennan stefnda sem lögum samkvæmt eigi forkaupsrétt. Hafi stefndi hafnað forkaupsrétti og fjármálaráðuneytið áritað alla kaupsamningana og kaupverð að því búnu greitt. Hafi þinglýstar landamerkjálýsingar fylgt jörðunum, jafnt þeirri sem stefndi hafi selt sem og öðrum

Samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar dagsettum 31. maí 2006 var kröfum stefnda íslenska ríkisins hafnað að því er varðaði þjóðlendur í fyrrum Selvogshreppi og að hluta í fyrrum Ölfushreppi en úrskurðað var að afréttur Ölfuss teldist þjóðlenda og hluti eignarlanda stefnanda milli landa Hjallatorfu (frá eystra horni Reykjafells) að landi Reykjatorfu (rauðbleikur melhóll) væri þjóðlenda samkvæmt 7. gr. þjóðlendulaga. Hafi hluti þjóðlendusvæðisins verið talinn afréttareign stefnanda og annarra, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. þjóðlendulaga. Þá hafi nefndin fallist á kröfu stefndu, íslenska ríkisins, sveitarfélagsins Ölfuss og Grímsnes- og Grafningshrepps um staðsetningu rauðbleiks melhóls en hann sé annars vegar hornpunktur sveitarfélagamarka og hins vegar hornpunktur Litla- og Stóra-Saurbæjar og Reykjatorfu í sveitarfélaginu Ölfusi og Ölfusvatns/Hagavíkur í Grímsnes- og Grafningshreppi. Stefnandi krefst ógildingar á úrskurðum óbyggðanefndar að hluta eins og fram komi í dómkröfum.

Melhóllinn sem óbyggðanefnd hafi staðsett í punkti 4 ákvarði sveitarfélagamörk og sé því nauðsynlegt að stefna sveitarfélagunum. Hóllinn sé einnig hornmark Ölfusvatns/Hagavíkur í Grímsnes- og Grafningshreppi og Saurbæjarlanda og Reykjatorfu í Ölfusi. Sé vandséð hvernig melhóllinn í punkti 4 geti verið hornmark allra þessara jarða.

Í úrskurði óbyggðanefndar sé komist að þeirri niðurstöðu að við sölu Litla-Saurbæjar I með afsali 27. september 1986 hafi fasteignaréttindi ofan fjalls verið

undanskilin. Af því leiði að stefndu, Birkir, (en Sverrir Jónsson, sem nú sé látinn, hafi afsalað til hans sínum eignarhlut í jörðinni Litla-Saurbæ þann 8. október 2004) og Kristján, séu meðeigendur að þeim afnotarétti innan þjóðlendu sunnan Ölfusafréttar sem úrskurðað hafi verið um. Stefnandi segist þessu ósammála og eigi eftir að leiða eignarréttardeilu um land Saurbæjar I til lykta fyrir dómstólum. Fyrir nefndinni hafi stefndu gert kröfu til þess að land Saubæjar ofan fjalls afmarkaðist við rauðbleika melhólinn í punkti 4. Telur stefnandi því með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr.184/2009 nauðsynlegt að stefna Kristjáni og Birki til varnar í máli þessu og þeim verði gert að hlíta niðurstöðu dóms um að rauðbleiki melhóllinn sé í punkti 2.

Standi úrskurðurinn óhaggaður hafi landeigendur selt stefnanda hluta af þjóðlendu íslenska ríkisins og skipti því niðurstaða máls þessa réttargæslustefndu verulegu máli.

Stefnandi höfðaði mál gegn íslenska ríkinu, sveitarfélaginu Ölfusi, Grímsnes- og Grafningshreppi og réttargæslustefndu með stefnu útgefinni 20. desember 2006. Hafi Héraðsdómur Suðurlands fallist á kröfur stefnanda að hluta með dómi 27. janúar 2009. Þeim dómi hafi íslenska ríkið áfrýjað til Hæstaréttar sem vísað hafi málinu frá héraðsdómi með dómi 3. júní 2010 í málinu nr. 184/2009. Stefnandi segist hafa lagfært kröfugerð og framsetningu málsástæðna í samræmi við athugasemdir Hæstaréttar og höfði nú málið að nýju.

### **Málsástæður og lagarök stefnanda.**

Stefnandi byggir á því að allt land sem hér sé til umfjöllunar hafi Ingólfur Arnarson numið samkvæmt lýsingum í Landnámu og styrki það beinan eignarrétt landeigenda. Landið hafi verið numið til eignar en ekki til afnota án eignarhalds. Lengst af hafi verið talið að afrétturinn væri sameign jarðanna innan hreppsins og færi sveitarstjórn með málefni afréttarins. Þessu hafi verið breytt með úrskurðum óbyggðanefndar og dómum Hæstaréttar og hafi afréttir og landsvæði sem jarðeigendur hafi ekki óvefengdar eignarheimildir yfir verið færð yfir til ríkisins.

Stefnandi vísar til landamerkjaganna 1882 og 1919 og þess tilgangs þeirra að afmarka einstakar jarðir, lýsa merkjum þeirra sem aðgreina þær annars vegar frá öðrum jörðum og hins vegar frá afrétti og almenningi. Hafi lögin lagt þær skyldur á landeigendur og sveitarfélög að setja merki milli jarða og afrétta og annarra óbyggðra lenda. Hafi landamerkjalyásingar sem gerðar hafi verið í kjölfar landamerkjaganna verið byggðar á eldri heimildum, svo sem lögfestum, máldögum og eldri landamerkjabréfum. Hafi skriflegum heimildum ekki verið fyrir að fara hafi verið stuðst við ómunahefð. Hafi landamerkjabréfin verið unnin þannig að jarðeigendur hafi lýst merkjum jarða sinna og eigendur aðliggjandi jarða samþykkt lýsinguna með áritun á bréfið. Landamerkjabréfunum hafi verið þinglýst og hafi sýslumaður hverrar sýslu haft eftirlitsskyldu um að merkjasetningin færi eðlilega fram og lýsingar gengu ekki gegn hagsmunum annarra jarðeigenda eða almennings. Stefnandi heldur því fram að alls staðar í sveitarfélaginu Ölfusi sé

land innan þinglýstra landamerkja undirorpið beinum eignarrétti. Hafi bréf jarðanna verið samþykkt af eigendum aðliggjandi jarða og þinglýst athugasemdalaust. Þá hafi bréfin verið staðfest gagnvart afrétti af þáverandi oddvita Ólfushrepps, en afrétturinn hafi verið sameign hreppsþúa. Hafi sveitarfélagið haft hagsmuna að gæta að ekki yrði tekið af því svæði sem nýta átti sem beitarland hreppsins.

Stefnandi byggir á því að markmið þjóðlendulaganna sé annars vegar að kveða á um og afmarka eignarhald ríkisins á hálendinu og hins vegar að staðfesta að ríkið sé eigandi þess lands sem enginn geti sannað eignarrétt sinn til. Í greinargerð með frumvarpi til þjóðlendulaga sé tekið fram að markmið laganna sé fyrst og fremst að leysa úr eignarréttarágreiðingum á hálendinu. Óbyggðanefnd hafi þrátt fyrir það tekið til meðferðar svæði sem ekki flokkist til hálendis eða óbyggða og íslenska ríkið hafi gert kröfu um afmörkun þjóðlendna nánast til sjávar. Hafi Hæstiréttur dæmt að þjóðlendir geti verið utan hálendis og mjög nærri þéttbýli.

Stefnandi byggir á 25. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978 þar sem segi að þinglýsta eignarheimild hafi sá er þinglýsingabók nefni eiganda á hverjum tíma. Þá vísar stefnandi til traustfangssjónarmiða í 33. gr. sömu laga þar sem segi að sá sem hljóti réttindi með samningi við þinglýstan eiganda að eign, þurfi ekki að sæta þeirri mótbáru að heimildarbréf fyrirrennara hans sé ógilt, ef hann er grandlaus um ógildisatvikið, er hann öðlaðist réttindin. Byggir stefnandi á því að kaupandi tiltekinnar eignar eigi ekki að þurfa að gjalda þess komi síðar í ljós að seljandi hennar hafi ekki haft tilskildar heimildir vegna ógildingarannmarka ef þeir eru ekki verulegir. Renni þetta stöðum undir það að til að eignir geti gengið kaupum og sölum verði menn að geta treyst því að seljandi hafi heimild til þess að framselja eignina. Hafi löggjafinn metið það svo að traust kaupanda á að eigninni fylgi tilgreind eignarréttindi samkvæmt kaupsamningi vegi þyngra en minniháttar ógildingarannmarkar. Sé því óeðlilegt að ríkið geri tilkall til landsvæðis sem gengið hafi kaupum og sölum í áratugi og aldaradír og jafnvel sölsi undir sig bótaalaust. Hafi stefndi íslenska ríkið margsinnis getað haft uppi vefengingarkröfu við aðilaskipti en aldrei gert. Byggir stefnandi á því að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild teljist eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannist. Hafi stefnandi því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land sé þjóðlenda. Hafi óbyggðanefnd í öðrum málum komist að þeirri niðurstöðu að land sem samkvæmt elstu heimildum sé flokkað sem sjálfstæð jörð með þinglýstum landamerkjum sé eignarland. Sá sem haldi öðru fram beri sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Hafi Hæstiréttur talið landamerkjabréf fyrir jörð fela í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Stefnandi byggir einnig á því að virk yferráð, tilheyrsla og bein hagnýting umrædds landsvæðis um aldir hafi skapað eignarhald fyrir hefð, en þegar landnámi lauk hafi hefð tekið við sem virk stofnun eignarréttar. Hafi landið verið nýtt til fulls með þeim hætti sem tíðarandi og tækifæri hafi veitt á hverjum tíma og hafi landeigandi með þeim hætti jafnframt unnið eignarhefð yfir öllu landinu. Stefnandi nefnir dæmi þess að Hæstiréttur hafi viðurkennt eignarhefð enda þótt not hefðanda, sem jafnframt studdi rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum. Stefnandi segir landeigendur í Ölfusi, sem seldu stefnanda hluta landa sinna á árunum 1999-2001, hafa nýtt landgæði jarða sinna á margvíslegan hátt. Auk hefðbundinna beitarnota hafi land verið leigt eða því ráðstafað með öðrum hætti. Stefnandi nefnir í dæmaskyni leigusamning um efnistökurétt í landi

Ytri-Þurár, leigu á landi undir skíðaskála á nokkrum stöðum, samning um námaréttindi við landamerki Núpa og Ytri-Þurár. Þá bendir stefnandi á að árið 1997 hafi eigendum Núpa verið greiddar eignarnámsbætur fyrir staura er lagðir voru í landi Núpa langt fyrir ofan Helliðarveg fyrir Búrfellslínu. Þá bendir stefnandi á að árið 1973 hafi ríkið, eigandi Þúfu, gengið út frá því að eignarland Þúfu afmarkist af landamerkjabréfi Þúfu eins og það komi fram í landamerkjaskrá Árnessýslu og ekki sé ágreiningur um hvernig eignarland Þúfu afmarkist frá öðrum jörðum. Þá hafi Landsvirkjun tekið eignarnámi landsvæði úr sameignarlandi ofan fjalls og hafi jarðeiganda Kröggólfsstaða, Vatna og Þúfu verið greiddar eignarnámsbætur þar sem landbútur hafi verið tekinn úr fyrrgreindu svæði undir rafmagnslínustaura.

Stefnandi bendir á það að í almennum úrskurðum óbyggðanefndar komi fram að ekki verði dregnar víðtækar ályktanir um eignarrétt að landi af upplýsingum um framkvæmd fjallskila að fornu og nýju. Skipti mestu máli að mati nefndarinnar sú staðreynd að lengst af hafi smölun heimalanda ekki einungis verið háð lögbundnum skyldum og kvöðum um skyldur til smölunar, heldur hafi því jafnframt verið þannig háttáð að lönd einstakra jarða hafi verið nýtt með sambærilegum hætti og afréttir og þá fallið undir sameiginleg fjallskil. Eftir sem áður hafi slík landsvæði ekki verið talin falla í flokk afrétta, þau hafi óumdeilt legið innan landamerkja viðkomandi jarðar og eftir atvikum enginn ágreiningur verið uppi um eignarrétt að þeim.

Stefnandi byggir á því að með því að afsala eignarlandi Kröggólfsstaða og Þúfu að fenginni heimild Alþingis til stefnanda hafi stefndi íslenska ríkið viðurkennt beinan eignarrétt að umræddu landi. Hafi skilningur löggjafarvaldsins verið sá sami, annars hefði salan ekki verið heimiluð. Stefnandi kvaðst hafa verið undir það búinn að þessi stefndi kynni í mesta lagi að gera ágreining fyrir óbyggðanefnd hvort fylgja ætti þverlínu 1 eða 2. Stefndi hafi hins vegar gert þá kröfu að stór hluti þess lands sem hann seldi stefnanda teldist til þjóðlendu. Með sama hætti hafi stefndi gert kröfu til þess að töluverður hluti þeirra landa sem keypt hefðu verið af öðrum landeigendum á sama tíma teldust til þjóðlendu. Stefnandi hafi í umræddum kaupum gætt ýtrustu varfærni og ekki gengið frá kaupsamningum fyrr en löggjafinn hafi heimilað að selja stefnanda hluta af umræddum jörðum sem fullkomið eignarland. Stefndi sé bundinn af þessum samningi og geti ekki haldið því fram nokkrum árum síðar að stór hluti hins selda lands sé þjóðlenda. Stefndi hafi með sölunni viðurkennt landamerkjabréf jarðanna og því ætti einungis að vera uppi ágreiningur um hvort styðjast skyldi við þverlínu 1 eða 2 varðandi mörk afréttarins. Þá hafi þessi stefndi viðurkennt landamerkjabréf annarra jarða í þessu máli með því að falla frá forkaupsrétti og árita alla samninga. Hafi kröfugerð þessa stefnda fyrir óbyggðanefnd verið ósamrýmanleg framangreindum samningum og hafi nefndinni borið að hafna þjóðlendukröfu ríkisins á umræddu svæði.

Stefnandi byggir á því að eignarrétturinn sé varinn í 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og Mannréttindasáttmála Evrópu, 1. gr. samningsviðauka nr. 1, sbr. lög nr. 64/1994. Þegar dæmt sé í þjóðlendumálum beri að líta til þeirra sjónarmiða sem Mannréttindadómstóll Evrópu hafi lagt til grundvallar við skýringu á ofangreindum samningsviðauka. Landeigendur í Öfushreppi hafi greitt skatta og skyldur af jörðum sínum eins og þær séu afmarkaðar með þinglýstum landamerkjum. Hafi eignirnar gengið kaupum og sölum um aldaradir og hafi ríkið viðurkennt eignarrétt landeigenda með því að samþykkja sölur á svæðinu og fallið

frá forkaupsrétti. Hafi ríkið því skapað réttmætar væntingar landeigenda til landsvæðanna og hafi vefengingarkrafa stefnda verið fyrir hendi sé hún löngu fallin niður fyrir tómlæti og fyrningu. Stefnandi telur úrskurð nefndarinnar bera með sér að í málinu hafi verið lögð óhófleg sönnunarbyrði á landeigendur og sé það langt gengið að leggja megi að jöfnu við öfuga sönnunarbyrði. Standist slík málsmeðferð ekki reglur íslensks réttarfars og gangi gegn framangreindum sjónarmiðum.

Stefnandi byggir einnig á því að kröfugerð stefnda íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd gangi einnig í berhogg við skýr ákvæði meðalhófsreglu stjórnsýslulaga með því að setja bæði fram aðalkröfu og varakröfu fyrir nefndinni. Með því að setja fram varakröfu hafi stefndi lýst því yfir að hann teldi að ná mætti því markmiði að afmarka lönd eignarlanda og þjóðlendna með þeirri lýsingu er þar greindi. Með vísan til meðalhófsreglunnar hafi óbyggðanefnd borið að vísa aðalkröfunni frá og taka eingöngu til efnismeðferðar varakröfu stefnda.

Stefnandi byggir einnig á því að stefndi hafi brotið jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og stjórnsýslulaga með því að gera kröfu til þess að stór hluti landsvæða innan þinglýstra landamerkja teldust til þjóðlendu á sama tíma og stefndi hafi virt að öllu leyti landamerki Reykjatorfunnar, sem sé eign stefnda, íslenska ríkisins, en landamerkjabréf torfunnar byggir ekki á neinum eldri lýsingum svo kunnugt sé.

Stefndi, íslenska ríkið, hafi haldið því fram fyrir nefndinni að landnám Ingólfs hafi borið brag af hertöku eða yfirráðatöku lands frekar en námi. Hvergi í rituðum heimildum sé að finna stafkrók um að fyrsti landnámsmaðurinn hafi barist fyrir yfirráðum lands síns og rýri slíkur málflutningur grundvöll kröfugerðar ríkisins og grafi undan trúverðuleika þess í málum sem þessum.

Stefnandi gerir athugasemdir við kröfulínu stefnda íslenska ríkisins fyrir nefndinni og telur hana byggða á lýsingu Ölvshrepps frá 1703 eftir Hálfván Jónsson, en Raufarbergið sem ríkið byggir á sé annað en það sem minnst sé á í lýsingu Hálfváns. Sé staðsetning stefnda á Helluvaði í ósamræmi við allar tiltækar lýsingar og mótmælir stefnandi henni. Stefnandi er þeirrar skoðunar að Helluvaði sé í Hengladalsá (Kaldá) við Raufarberg í Kömbum. Hvorki af lýsingu Hálfváns né öðrum heimildum verði ráðið að Orrustuhóll hafi verið hornmark og að þar skilji milli eignarlanda og afréttar. Stefnandi hafnar fullyrðingu stefnda um þýðingu Orrustuhóls og Lambavaðs í málinu og sé lýsing lögfestunnar í ósamræmi við landamerkjabréf Núpa, Kröggólfsstaða, Vatna, Þúfu og Saurbæjar frá 1890. Sé óútskýrt í úrskurði nefndarinnar hvernig síðastnefndu löndin hafi eignast hluta Núpaland á tímabilinu 1827-1890. Þá er bent á að öll löndin hafi átt hlutdeild í afrétti samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, en jarðamatið sé frá 1702-1712 og því eldra en lögfestan. Sé lögfesta Núpaland samin einhliða og ekki staðfest af eigendum aðliggjandi jarða eins og landamerkjabréfin. Að mati stefnanda er rökstuðningur nefndarinnar um gildi lögfestunnar ófullnægjandi og hafi hún takmarkað sönnunargildi í máli þessu.

Ekki er deilt um að rauðbleikur melhóll sem lýst sé í landamerkjabréfi Reykjatorfunnar frá 1884 sé hornmark Reykjatorfunnar en ágreiningur er um staðsetningu hólans. Stefnandi telur að með sama hætti og Reykjatorfan afmarkast gagnvart Ölfusvatni/Hagavík að norðan á þessum stað sé rökrétt að Reykjatorfan

afmarkist gagnvart jörðum að sunnan og vestan á sama stað, þ.e. Saurbæ. Samkvæmt úrskurði nefndarinnar séu landamerki Hjallatorfunnar gagnvart afrétti frá Lambafelli í Reykjafell og mörk Reykjatorfu og Ölfusvatns/Hagavíkur séu við rauðbleikan melhól. Sé því rökrétt að álykta að aðrar jarðir, þ.e. Ytri-Þurá, Núpar I-III, Vötn, Kröggólfsstaðir og Þúfa, Litli- og Stóri-Saurbær eigi land að línu sem dregin sé milli Reykjafells og rauðbleika melhólsins. Styðjist þessi niðurstaða við niðurstöður Hæstaréttar í máli nr. 48/2004.

Stefnandi telur að af landamerkjalýsingu Króks, Ölfusvatns og Hagavíkur frá 15. ágúst 1885 verði ráðið að bleikrauði melurinn taki við af Hengilsyllum eða sé í næsta nágrenni við syllurnar og hins vegar að sá bleikrauði sé ofar í landi en Raufarberg. Stefnandi vísar til landamerkjabréfs Reykjatorfu frá 23. ágúst 1884 og lýsingar Hagavíkur, skráð í nóvember 1983 af Guðmanni Ólafssyni og telur ráðið af henni að bleikrauði melurinn taki við af Hengilsyllum eða sé í næsta nágrenni við þær og hins vegar að Raufarberg sé við Kýrgil. Megi draga þá ályktun að bleikrauði melurinn og Raufarberg séu sitt hvorum megin við Kýrgil og jafnframt að Raufarberg sé alveg við gilið. Hið sama verði ráðið af lýsingu Ölfusvatns eftir Guðmann frá 1982. Stefnandi vísar til þriðja bindis Sunnlenskra byggða en þar séu mörk Ölfushrepps m.a. sögð vera til austurs í Hengilskeggja (Vörðuskeggja 768 m). Þaðan um austurbrún Hengilsins til suðausturs í Kýrgilshnúk (283). Þá til austurs nálægt vatnaskilum milli Grafnings og Ölfuss. Stefnandi segir Kýrgilshnúk vera það raufarberg sem Guðmann lýsi og sé við Kýrgil.

Stefnandi vísar einnig til korts sem danska herforingjaráðið hafi látið vinna árið 1908 og séu þar mörk milli Grafningshrepps og Ölfushrepps dregin eftir Hengilsyllum í rauðbleika melhólinn, niður Kýrgil í Raufarberg við Kýrgil, allt í samræmi við áður nefnd landamerkjabréf og lýsingar að mati stefnanda.

Stefnandi vísar til ágreinings eigenda Hagavíkur og Ölfusvatns um landamerki milli jarðanna og hafi gerðardómur verið fenginn til að útkljá ágreininginn. Segi í niðurstöðu gerðardómsins frá 7. júlí 1954 að frá nefndu klapparnefi séu merkin bein lína að mótum Þverár og Ölkeldu-Hálslækjar, en vatnamót þessi liggja norður undan háum hamri, sem sé milli lækjarins og árinna. Síðan ráði Þverá og Kýrgil merkjum uns Kýrgil skeri þinglesin landa- og hreppamörk á Hengilsyllum.

Stefnandi dregur af öllu framangreindu þær ályktanir að þegar farið sé suður Hengilsyllur sé komið að bleikrauðum mel eða rauðbleikum melhnúk. Melur þessi sé hornmark Reykjatorfu, Ölfusvatnstorfu og afréttar Ölfushrepps. Frá mel þessum megi sjá önnur landamerki svo sem Brúnkollubletti og nyrsta hluta gjárinnar einkennilegu, sem getið sé um í landamerkjabréfi Reykjatorfu. Bendi framangreindar lýsingar til þess að bleikrauði melurinn standi ofar í landi en Raufarberg. Frá melhnúk þessum sé horft niður og yfir Kýrgil til Raufarbergs og bendi lýsingar eindregið til þess að Raufarberg sé við Kýrgil. Kemst stefnandi því að þeirri niðurstöðu að rauðbleiki melurinn sé við suðurenda Hengilsyllna við Kýrgil og Raufarberg sé handan Kýrgils neðar í landi.

Stefnandi gerir athugasemdir við rauðbleika melinn og Raufarberg sem óbyggðanefnd hafi byggt á og bendir á að samkvæmt þeirri niðurstöðu taki sá rauðbleiki ekki við af Hengilsyllum og sé ekki nærri þeim. Ekki sjáist frá Hengilsyllum til þessa mels og ekki verði séð að melurinn standi ofar í landi en það

Raufarberg sem úrskurðurinn gangi út frá. Þá sé það Raufarberg langt frá Kýrgili.

Stefnandi vísar til dómsáttar sem eigendur Ytri-Þurár og Núpa hafi gert með sér 4. desember 1970 um landamerki jarðanna og hafi þau verið ákveðin samkvæmt uppdráttum Ágústs Guðmundssonar, landmælingamanns, dags. 1. mars sama ár. Þar sé hornmark Ytri-Þurár sýnt í eystra horni Reykjafells í samræmi við landamerkjalyýsingu Þóroddsstaða og Ytri-Þurár frá 28. maí 1889 og dregin óbrotin þverlína í stefnu að rauðbleikum melhól (punktur 4) að landi Núpa. Sé það land sýnt taka við af þverlínu Ytri-Þurár en með brotinni þverlínu í átt að rauðbleika melhólum (punktur 4). Sýni dómsáttin, sem þinglýst hafi verið án athugasemda, að ágreiningslaust hafi verið með landeigendum og þinglýsingarstjóra hvar hornpunktur Ytri-Þurár og Núpa var gagnvart afrétti.

Stefnandi vísar til greinargerðar Gylfa Más Guðbergssonar, prófessors, dags. 26. maí 1988 um landamerki og afréttarmörk í Ölfushreppi og sýslumörk Árnessýslu frá Kóngsfelli að Sýsluhólma. Í landamerkjabréfum jarða í Ölfusi sé víða talað um stefnu til afréttar eða beina leið inn í þverlínu sem skilji heimalönd og afrétt. Hvergi sé getið um nein kennileiti milli melhnúksins og Reykjafells. Hafi Gylfi Már komist að þeirri niðurstöðu að mörk afréttar og heimalanda jarða í Ölfusi séu lína dregin frá Reykjafelli austur í áður nefndan rauðbleikan melhól (punktur 4). Eigendur Núpa hafi mótmælt þessari afmörkun Gylfa Más og töldu þeir að verið væri að ganga á land þeirra og réttindi. Gylfi Már hafi unnið aðra greinargerð árið 1996 um landamerki Reykjatorfu og Ölfusvatnstorfu. Þar komi fram að prófessorinn telji hornmark Reykjatorfu vera í rauðbleikum melhól og mörk torfunnar og Stóra-Saurbæjar séu úr nyrsta gljúfri árinna beina stefnu til norðurs í rauðleitan melhnúk fyrir framan svokallaða Kýrgilshnúka. Sé þessi Melhóll sá sami og óbyggðanefnd miði við í úrskurði sínum (punktur 4).

Stefnandi segir mörk Reykjatorfunnar á engan hátt afmörkuð með ólíkum hætti en landamerki annarra jarða í Ölfushreppi. Landamerkjabréf Reykjatorfunnar frá 1884 sé staðfest af eiganda Saurbæjar og landamerkjabréf Saurbæjar frá 1890 sé staðfest vegna Reykjatorfu. Af kröfulýsingu stefnda íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd verði ráðið að land það sem ríkið sjálft eigi, Reykjatorfan, sé eina landið í Ölfusi sem sé rétt afmarkað með landamerkjabréfi samkvæmt landamerkjalyögunum frá 1883. Telur stefnandi þessa framsetningu sýna yfiring þessa stefnda og sé með öllu órökstudd.

Stefnandi segir úrskurði óbyggðanefndar í málunum nr. 6/2004 og 5/2004 illa rökstudda og ráði andstað sjónarmið niðurstöðu á ólíkum svæðum. Hvorki sé gætt jafnræðisreglu né meðalhófsreglu og þá sé dómafordæmum Hæstaréttar ekki fylgt. Beri því að fella úrskurðina úr gildi og því til stuðnings bendir stefnandi á eftirfarandi:

Í fyrsta lagi gagnrýnir stefnandi litla umfjöllun nefndarinnar um tvær vettvangsferðir sem farnar hafi verið og þá sé ekkert minnst á þriðju vettvangsferðina sem farin hafi verið til að kanna hugsanlega staðsetningu Lambavaðs og Helluvaðs.

Í öðru lagi er gagnrýnt að nefndin hafi komist að því með óskiljanlegum hætti að landið kunni að hafa verið numið í öndverðu en hafi breyst í samnotaafrétt. Engin rök séu færð fyrir því hvernig samnotaafréttur hafi orðið til og hvernig

eignarhaldið hafi fallið niður og orðið að þjóðlendu. Sé þessi kafli fullur af getgátum, mótsögnum og afar hæpnum fullyrðingum sem ótækt sé að byggja niðurstöðu á í máli sem lýtur að grundvallarréttindum og vernd þeirra.

Í þriðja lagi er bent á að allar þær jarðir sem mál þetta snúist um séu nefndar í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, en þar segi að afrétt eigi jörðin undir Hengli tollfrí ásamt öðrum Ölvess og Selvogsmönnum. Sé afrétturinn hér skilgreindur sem eign jarðanna og hugtakið samnotafréttur með öllu óþekkt í eldri heimildum.

Í fjórða og fimmta lagi telur stefnandi óskiljanlegt hvernig nefndin meti með misjöfnum hætti samhljóða uppáskrifaðar og þinglýstar landamerkjálýsingar í Ölfusi og telur réttmætar væntingar landeigenda í Selvogi rétt hærrí en réttmætar væntingar jarðeigenda í Ölfushreppi.

Í sjötta lagi gagnrýnir stefnandi mismunandi úrlausn nefndarinnar að því er varðar Ölfusafrétt og Selvogafrétt að því er varðar lýsingu hreppstjóra Ölfushrepps frá 1920 um mörk milli afréttar og eignarlanda.

Í sjöunda lagi hafi nefndin komist að þeirri niðurstöðu að því er Kolviðarhól varðar og athafnasvæði Íþróttafélags Reykjavíkur að um hafi verið að ræða umfangsmikla hagnýtingu á skýrlega afmörkuðu landsvæði. Hafi því verið talið að eignarhaldið uppfyllti skilyrði eignarhefðar. Þrátt fyrir framlagningu fjölda leigusamninga um aðstöðu í landi Þurár og Núpa hafi nefndin gert allt aðrar og strangari kröfur og hafnað eignarhefð. Hafi jafnræðis landeigenda því hvergi verið gætt.

Í áttunda lagi bendir stefnandi á að þegar nefndin fjalli um Þóroddsstaði, Þurá, Núpa, Kröggólfsstaði, Þúfu, Vötn, Litla- og Stóra-Saurbæ segi hún ekki liggja fyrir ótvíræðar heimildir um það hvenær þverlína sé fyrst lögð til grundvallar með þeim hætti sem gert sé af hálfu annarra aðila en stefnda, íslenska ríkisins. Að mati nefndarinnar komi þetta fyrst fram í réttarsátt frá 1970 en stefnandi bendir á að þverlínunnar sé getið í landamerkjabréfi Núpa frá 1890 og sé bréfið samþykkt vegna Kröggólfsstaða og Vatna og vegna Þurár.

Í níunda lagi hafi nefndin komist að þeirri niðurstöðu að sala stefnda, íslenska ríkisins, á landi til stefnanda og áritun á samninga geti ekki haft aðra þýðingu en að styðja mögulegar og réttmætar væntingar samningsaðila til inntaks þess eignarréttar sem ráðstafað hafi verið. Þá geti ríkið sem fasteignareigandi ekki afsalað víðtækari eignarréttindum en það hafi sjálft sannanlega verið komið að. Nefndin geti þess ekki í fyrsta lagi að sala á landi stefnda hafi verið samþykkt af Alþingi, í öðru lagi að gefin hafi verið út landskiptagerð sem byggji á landamerkjabréfi jarðarinnar og í þriðja lagi sé niðurstaða nefndarinnar í ósamræmi við dóm Hæstaréttar í máli nr. 496/2005.

Í tíunda lagi meti nefndin stefnanda í óhag að hafa ekki haft uppi alla þá eignarréttarlegu fyrirvara sem þörf hafi verið á við samningsgerðina í ljósi þess réttarástands sem skapað hafi verið við lögfestingu þjóðlendulaga. Stefnandi segist einmitt vegna þessara laga hafa gætt ýtrustu varfærni við samningsgerðina. Sé fráleitt að ætlast til þess að stefnandi gæti réttinda íslenska ríkisins við slíka samningsgerð. Það sé fullfært til þess og taki afleiðingum gjörða sinna. Sé

óútskýrt hvers vegna meiri og strangari kröfur hafi verið gerðar til stefnanda en stefnda íslenska ríkisins.

Í ellefta lagi gagnrýnir stefnandi að nefndin hafi tekið afstöðu til eignarréttardeilu fyrrum landeigenda, stefnanda og þeirra sem hann sækir rétt sinn til varðandi réttindi Litla-Saurbæjar ofan fjalls. Hafi nefndin ekki leitað eftir sjónarmiðum stefnanda um þær málsástæður sem þar komi fram og heldur ekki þeirra sem seldu stefnanda. Hafi nefndin því ekki gætt lögmæltis andmælaréttar, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga og þá sé það ekki hlutverk nefndarinnar að tjá sig um ágreining einkaréttarlegs eðlis.

Í tólfta lagi telur stefnandi að sjónhending merki í íslensku máli beina línu, línu augans, það sem augað sér. Frá rauðleita melhnúknum sem nefndin miði við í nefndan hnúk á Reykjafelli sé engin sjónhending og sjáist ekki milli þessara tveggja staða. Hins vegar sjáist frá rauðleita melhólnum við Kýrgil til eystra horns Reykjafells.

Í þrettánda lagi sé hvergi í úrskurðum nefndarinnar minnst á lýsingar Guðmanns Ólafssonar af Nesjavöllum, Hagavík og Ölfusvatni, en þessar lýsingar styðji mjög kröfur stefnanda um staðsetningu rauðleita melhólsins og Raufarbergs.

Í fjórtanda lagi sé hvergi í úrskurðum nefndarinnar minnst á lýsingu Saurbæjar, en sú lýsing sé byggð á frásögn konu sem fædd sé um 1860 í Saurbæ og uppalin þar. Þar sé Saurbæjarland sagt afmarkast af beinni línu í Raufarberg og þaðan í afrétt, sennilega í Kýrgilshnúk.

Í fimmtánda lagi telur stefnandi óumdeilt að mörk Ölfusvatns og Hagavíkur liggja eftir Hengilsyllum og úr þeim í mel einn, bleikrauðan að sjá, er liggja upp af Raufarbergi og þaðan í Raufarberg sjálft. Þessi lýsing geti aðeins átt við rauðbleika melhólinn í punkti 2. Verði stefndu, íslenska ríkið, sveitarfélagið Ölfuss og Grímsnes- og Grafningshreppur að skýra hvernig rauðbleiki melhólinn í punkti 4 geti verið hornmark Ölfusvatns, Hagavíkur, Reykjatorfu og Saurbæjarlanda.

Stefnandi byggir kröfu um málskostnað á XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 130. gr. laganna.

### **Málsástæður og lagarök stefnda íslenska ríkisins.**

Þessi stefndi byggir á því að umrætt landsvæði sé utan eignarlanda og því þjóðlenda, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Telur stefndi ljóst af heimildum að landsvæðið hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og að nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti. Hvíli því sönnunarbyrðin ótvírætt á stefnanda að sýna fram á tilvist beins eignarréttar að landinu. Úrskurðir óbyggðanefndar séu gildir og í samræmi við lög og séu niðurstöður nefndarinnar ítarlega rökstuddar og ekki tilefni til að hnekkja þeim. Þá mótmælir stefndi því að stoð sé fyrir kröfum stefnanda um aðra afmörkun eignarlands og þjóðlendu en ákveðin sé í úrskurðum nefndarinnar. Af heimildum megi ráða að nýting landsvæðisins hafi ekki verið

víðtækari en til sumardeitar fyrir búfénað og hafi verið gerður greinarmunur á annars vegar umþrættu landsvæði, sem var afréttarland og hins vegar heimalandinu.

Stefndi vísar til forsendna Hæstaréttar í málinu nr. 198/2009 milli sveitarfélagsins Ölfuss og stefnda. Þar sé fallist á niðurstöðu nefndarinnar um Selvogs- og Ölfusafrétt og þess getið að ekki liggi fyrir um það landamerkjabréf og að því fari fjarri að sveitarfélagið njóti þinglýstrar eignarheimildar að því. Fjallað sé um landnám Ingólfs Arnarsonar og að ekki séu til heimildir um hversu langt það hafi náð inn til lands. Þá sé getið um staðhætti og önnur atriði sem mæli gegn því að nokkurn tíma hafi verið þar búseta eða byggð, m.a. vegna hrauns sem runnið hafi um gríðarstórt svæði úr Eldborg undir Lambafelli. Sé það niðurstaða Hæstaréttar að ekki séu til heimildir um að landið hafi fram á 20. öld verið haft til annars en upprekstrar og hefðbundinna afréttarnota undir umsjón sveitarfélaga eins og almennt um víðlíka landsvæði. Hafi beinn eignarréttur stofnast í öndverðu verði að sýna fram á að hann hafi haldist í raun. Sé því engin stoð fyrir því að beinn eignarréttur, sem gæti hafa stofnast yfir þessu landi, hafi færst til sveitarfélagsins eða annarra, heldur aðeins afnotaréttindi sem fylgi jörðum á afrétti. Forsendur réttarins styðji sömu niðurstöðu að því er það landsvæði varðar sem kröfur stefnanda lúti nú að. Landsvæði sem samkvæmt fyrirliggjandi gögnum sé eða verið hafi samnotaafréttur sé þjóðlenda og beri sá sem haldi öðru fram sönnunarbýrði um það.

Stefndi byggir á því að hvorki Landnáma né aðrar heimildir sýni fram á að umrætt landsvæði hafi verið numið í öndverðu og þá styðji staðhættir ekki að landið hafi verið numið. Af dómaframkvæmd Hæstaréttar megi ráða að sé deilt um upphaflegt nám lands verði aðeins stuðst við glöggar landfræðilegar heimildir, en heimildarskortur leiði til þess að álitid verður ósannað að heidarlönd hafi verið numin í öndverðu. Með tilliti til einangrunar svæðisins og fjarlægðar frá byggð verði ekki litið á svæðið sem land undirorpið beinum eignarrétti. Á svæðinu skiptist á svæði sem ýmist séu örfoka, ógróin eða vaxin heidargróðri. Landið liggir í töluverðri hæð, standi fjarri byggð og fjarri landsvæðum sem hafi verið í landbúnaðarnotum. Að teknu tilliti til staðháttar, víðáttu, gróðurfars og hæðar svæðisins yfir sjó virðist því augljóst að svæðið hafi ekki verið nýtt til annars en beitarafnota. Stefndi bendir á að þjóðlenda kunni að vera á hálendi sem og á láglandi svo sem staðfest hafi verið í nýlegum dómum Hæstaréttar. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 198/2009 taki að hluta til þessa sama svæðis og kröfur stefnanda spanni. Hafi dómurinn því ekki aðeins fordæmisgildi heldur einnig sönnunargildi, sbr. 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi byggir á því að gildi landamerkjálýsinga verði að draga í efa með hliðsjón af því að með einhliða merkjálýsingum sem gerðar hafi verið eftir 1882 hafi menn oftast ekki verið að eigna sér eigandalaust land. Landamerkjabréf séu fyrst og fremst sönnun um mörk á milli eigna en í því felist á engan hátt að allt land innan merkja sé óskorað eignarland. Þrátt fyrir þinglýsingu bréfanna takmarkist gildi þeirrar athafnar af því að ekki sé unnt að þinglýsa meiri rétti en viðkomandi eigi. Slíku eigandalausum landi geti löggjafinn einn ráðstafað. Við mat á sönnunargildi landamerkjabréfa hafi verið talið miklu skipta hvort þau hafi verið árituð um samþykki aðliggjandi jarða og landsvæða. Á umræddu landsvæði hafi eingöngu landamerkjabréf Kröggólfsstaða og Vatna verið árituð um samþykki vegna afréttarins. Ekkert landamerkjabréf á umræddu landsvæði hafi að geyma lýsingu á mörkum gagnvart afrétti, heldur vísi eingöngu til afréttarins eða þverlínu

sem skilji að afrétti og heimalönd án nánari tilgreiningar. Sé því ekki í þeim að finna neina lýsingu á þverlínunni eða vísað til kennileita á mörkum jarðanna og afréttar. Þá dragi úr sönnunargildi landamerkjabréfs sæki það ekki stoð í eldri heimildir. Almenn hafi verið talið að til að landamerkjabréf verði lagt til grundvallar um mörk jarðar, verði bréfið að vera lögmætt að efni til, þ.e.a.s. eigandi getur ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Við mat á gildi bréfa verði því að horfa til eldri heimilda. Af eldri heimildum um landamerki jarða á svæðinu sé ekki öðru til að dreifa en tveimur efnislega samhljóða lögfestum fyrir jörðina Núpa frá 1817 og 1827. Þar sé norðurmörkum jarðarinnar lýst í Fót á Hverahlíð, svo austur fyrir hraunið og í sama árfar allt inn að Lambavaði á Varmá svo eftir henni allt að Helluvaði. Landamerkjabréf sé frá 1890 og þar sé mörkum ekki lýst til norðurs, heldur eingöngu vísað til þverlínu sem talin sé skilja milli heimalanda og afrétta. Þverlína sú sem stefnandi miði við eigi sér ekki stoð í gögnum, hvorki landamerkjabréfum né eldri heimildum.

Stefndi telur málsástæður stefnanda um gildi lögfestna á misskilningi byggðar. Nefndin hafi ekki lagt annan skilning í hugtakið en gert hafi verið en á hinn bóginn hafi verið byggt á gildi og samspili eldri heimilda almennt, m.a. til að unnt væri að afmarka Selvogs- og Ölfusafrétt. Stefndi vísar til niðurstöðu nefndarinnar um staðsetningu Helluvaðs og hvar Lambavað liggja en nefndin hafi hafnað með rökstuddum hætti kröfum stefnanda og grundvelli þeirra. Að því er varði þverlínur þær sem miðað sé við hafi nefndin talið að þær línur sem aðrir en ríkið hafi miðað við um mörk jarða og afréttar næðu mun lengra inn til landsins en samkvæmt lýsingum í eldri heimildum sem sé að finna í lögfestum fyrir Núpa frá 1817 og 1827. Þá hafi stefnandi ekki hnekkð þeirri niðurstöðu að engar aðrar eldri heimildir renni stöðum undir þær þverlínur sem landeigendur hafi miðað við í kröfum sínum. Þá ítrekar stefndi þá niðurstöðu nefndarinnar að þverlínur þær ættu sér í reynd ekki stoð í landamerkjabréfunum sjálfum þar sem þau lýstu ekki mörkum til norðurs með því að rekja kennileiti gagnvart afrétti.

Stefndi telur skilyrði eignarhefðar ekki fyrir hendi með vísan til framanritaðra sjónarmiða um nýtingu lands, sem og staðháttu og eldri heimilda. Hafi nýting svæðisins í aldanna rás ekki falist í öðru en sumarheit fyrir búfénað en hefðbundin afréttarafnot geti ekki stofnað til beinna eignarréttinda yfir landi. Hafi dómstólar alla jafna gert ríkari kröfur til sönnunar eignarhefðar á landi sem liggja utan marka jarða og þá einkum að landi sem legið hafi undir afréttum sem ekki hafi upprunalega verið undirorpnir beinum eignarrétti. Séu not á umræddu landsvæði sem stefnandi geri kröfu til svo takmörkuð og stopul að þau geti ekki stofnað til eignarréttar á grundvelli hefðar. Sé ýmist um að ræða takmörkuð not eða gerninga sem ekki hafi byggst á eignarheimildum auk þess sem hefðartími sé ekki fullnaður.

Stefndi telur að ákvæði 25. og 33. gr. þinglýsingarlaga hafi ekki verið talin fela í sér annað og meira en jákvæðan áreiðanleika þinglýsingabóka, sem byggist að einhverju leyti á traustfangssjónarmiðum. Reglan feli ekki í sér frávik frá þeirri meginreglu eignarréttarins að menn geti með eignayfirfærslugerningi ekki öðlast betri rétt en seljandi átti.

Stefndi hafnar þeim skilningi stefnanda að sala á hluta ríkisins í jörðunum Kröggólfsstöðum og Þúfu hafi falið í sér viðurkenningu á beinum eignarrétti að umræddu landi. Verði að horfa til þess að eigandi fasteignar geti ekki afsalað sér víðtækari eignarréttindum en sannanlega hafi verið á hans hendi. Hafi hið sama

verið talið gilda um ríkið og aðra. Verði ráðið af dómafordæmum að jarðir í eigu ríkisins sæti í reynd ekki annarri meðferð þegar komi að ákvörðun marka þjóðlendna og eignarlanda. Margar jarðir hafi á einhverjum tíma verið jarðir ríkisins, jafnt fyrir og eftir setningu þjóðlendulaga. Hafi ákvörðun um mörk eignarlanda og þjóðlendu almennt ekki tekið mið af því einu og sér. Stefndi vísar til úrskurðar nefndarinnar þar sem segi að aðild ríkisins að kaupsamningum geti ekki haft aðra þýðingu en að styðja mögulegar væntingar samningsaðila til inntaks þess eignarréttar sem ráðstafað hafi verið í umræddum samningum og með þeim fyrirvara að ekki hefði verið ákvarðað nokkuð um mörk jarðanna gagnvart þjóðlendu, sérstaklega í þessu tilviki þar sem mörk gagnvart afrétti hafi ekki verið ljós. Hafi könnun allra heimilda því verið fyrirséð verkefni óbyggðanefndar við gildistöku laganna. Þótt stefnandi hafi keypt hluta þeirra jarða sem málið varði af ríkinu breyti það því ekki að ákvarða varð mörk þjóðlendu og eignarlands án tillits til þess. Stefnandi hafi keypt umræddar jarðir á árunum 1999 til 2001 eða eftir gildistöku þjóðlendulaga. Hafi stefnanda mátt vera fullkunnugt um að óvissa kynna að vera um hvernig þjóðlendumörk yrðu ákveðin. Ekki verði horft fram hjá því að stefnandi sé fyrirtæki í opinberri eigu og þar með hluti af opinberri stjórnsýslu. Verði stefnandi að una því að þar til bær önnur stjórnvöld úrskurði um mörkin milli þjóðlendu og eignarlands. Engu skipti þótt stefndi hafi selt jarðir á grundvelli lagaheimildar og þar með samþykki Alþingis, enda verði jarðir ríkisins ekki seldar á annan hátt. Í þeim gerningum hafi ekki falist nein viðurkenning á eignarrétti og ekki sé á færi ráðherra að ákveða um atriði sem að lögum hafi átt undir óbyggðanefnd að kanna og úrskurða um. Hið sama gildi um forkaupsrétt að því er aðrar jarðir varði.

Stefndi hafnar því að réttmætar væntingar geti verið grundvöllur fyrir eignartilkalli á landinu. Löggjafinn sé einn bær til þess að ráðstafa réttindum yfir landsvæði utan eignarlanda. Athafnir eða athafnaleysi starfsmanna stjórnsýslunnar geti ekki leitt af sér slík yferráð nema sérstök lagaheimild hafi verið fyrir hendi, þ.m.t. að þjóðlenda hafi verið látin af hendi. Menn geti ekki vænst þess að öðlast meiri og frekari réttindi en þeir geti mögulega átt rétt á. Bendi heimildir, staðhættir og nýting lands ekki til beins eignarréttar geti réttmætar væntingar ekki stofnað til slíkra réttinda.

Stefndi mótmælir því að tilgangur með setningu þjóðlendulaganna hafi eingöngu verið sá að kveða á um eignarhald ríkisins á hálendinu, heldur hafi tilgangurinn verið sá að kveða upp úr um eignarrétt að þeim svæðum sem ekki hafi verið undirorpin einkaeignarrétti, svo sem eigi við um almenninga og afrétti, sbr. 1. gr. laganna.

Stefndi tekur undir þau sjónarmið óbyggðanefndar að það eitt að ríkið hafi uppi aðal- og varakröfu geti ekki talist brot á meðalhöfsreglu stjórnsýsluréttar.

Stefndi hafnar sjónarmiðum stefnanda um staðsetningu rauðleits melhóls og tekur undir sjónarmið óbyggðanefndar um staðsetningu hans. Melhóllinn sem um sé deilt hafi ekki fundist á þeim stað sem stefnandi miði við, hvorki við vettvangsgöngu fyrir nefndinni né við fyrri málarekstur fyrir dómi. Engar heimildir sem hönd sé á festandi séu fyrir hendi, heldur tíundi stefnandi ályktanir sínar af textalýsingum landsvæða. Landamerkjabréf fyrir Reykjatorfu og bréf jarðanna Króks og Ölfisvatn ásamt hjáleigu lýsi sömu kennileitum þegar vísað sé til rauðleits eða bleikrauðs melhnjúks og Raufarbergs. Ekki sé unnt að skilja bréfin þannig að

melhóllinn taki við af Hengilssyllum, svo sem rökstutt sé í úrskurði nefndarinnar. Í grennd við melhnjúkinn liggja svonefnt Raufarberg. Nefndin hafi fundið því stað í tveimur vettvangsgöngum en ekki hafi fundist neitt kennileiti nærri þeim stað sem stefnandi hafi miðað við. Í úrskurði nefndarinnar sé rökstutt ítarlega og á grundvelli heimilda hvar umræddan melhól væri að finna og hugmyndum stefnanda hafi verið hafnað. Hafi stefnandi ekki hnekkð þeim rökstuðningi.

Stefndi krefst þess að úrskurður nefndarinnar um þjóðlendulínu verði staðfestur og bendir á að línin í Hengladalaána við Orrustuhól byggi á því að samkvæmt eldri heimildum hafi allir Hengladalir verið í afrétti Ölfusinga. Réttað hafi verið við Orrustuhól af íbúum úr Ölfusi og Mosfellssveit þar til missætti hafi orðið milli þeirra og Ölfusingar fluttu réttirnar austur yfir Hengladalsá. Stefndi bendir á lýsingu Hálfðanar Jónssonar frá 1703 þar sem hann segi Raufarberg við Hengladalsá á móts við Árstaðafjall greina Reykjaland frá afréttinum. Sé kröfulínan talsvert innar en þessi lýsing segi. Þá bendir stefndi á að merkjalýsing Reykjatorfunnar fylgi Hengladalaánni frá Varmá og allt upp að Helluvaði. Ain renni rétt við veginn yfir Hellisheiðina og engin jörð á láglandinu geti átt land fyrir innan Reykjatorfuland á heiðinni. Merkjabréf jarðanna milli Hjallatorfu og Þóroddsstaða annars vegar og Reykjatorfu hins vegar lýsi merkjum ýmist til afréttar frá láglandi eða til miðlínu milli heimalanda og afréttar. Ekkert þeirra lýsi merkjum handan við Reykjatorfulandið. Þúfa lýsi merkjum í Hengladalalág, en það örnefni sé í Kömbunum og þannig fyrir neðan land Reykja.

Stefndi mótmælir málsástæðum stefnanda sem byggðar séu á 72. gr. stjórnarskrárinnar og Mannréttindasáttmála Evrópu. Sams konar málsástæðum hafi ítrekað verið hafnað af Hæstarétti og Mannréttindadómstóll Evrópu hafi einnig hafnað því að með setningu þjóðlendulaga og framkvæmd þeirra hafi verið brotið gegn ákvæðum sáttmálans.

Stefndi mótmælir einnig málsástæðum um að stefndi hafi viðurkennt eignarhald með því að greiddir hafi verið skattar og gjöld vegna jarðanna en slíkum málsástæðum hafi ítrekað verið hafnað af dómstólum. Þá hafi stefnandi ekki sannað að þau landsvæði hafi verið sérstaklega afmörkuð við skattálagningu eða afstaða tekin til marka eignarlands og þjóðlendu eða þess lands sem enginn hafi getað sannað eignarrétt sinn að.

Stefndi mótmælir því að kröfugerð hans fyrir óbyggðanefnd hafi verið andstæð meðalhófsreglu stjórnsýslulaga. Nefndin hafi hagað meðferð málsins í samræmi við lög og kveðið upp gildan og lögmætan úrskurð. Að því er land Reykjatorfu varði hafi nefndin kveðið upp rökstuddan úrskurð um landsvæðið í heild á grundvelli þeirra aðferða og heimilda sem viðurkenndar hafi verið. Eins og fram komi í almennum forsendum óbyggðanefndar telji stefndi að ríkisjarðir og lönd eigi að sæta sams konar meðferð og önnur gagnvart rannsókn og ákvörðun marka þjóðlendu. Hvergi sjáist breistir í málsmeðferð óbyggðanefndar eða að stefnandi hafi ekki komið sjónarmiðum sínum og gögnum á framfæri.

Um ályktanir sem dregnar séu af fjallskilaframkvæmd vísar stefndi til úrskurða nefndarinnar en telur óljóst á hvern hátt stefnandi telur framkvæmdina styðja kröfugerð sína. Verði engar ályktanir um eignarrétt að svæðinu dregnar af þessari fjallskilaframkvæmd.

Stefndi byggir einnig á því að í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar um Ölfus- og Selvogsafrétt sé það svæði sem stefnandi miði við óumdeilanlega metið sem þjóðlenda en ekki eignarland og í reynd sé fallist á niðurstöðu nefndarinnar.

Stefndi telur gagnrýni stefnanda á nokkur atriði í úrskurði nefndarinnar í engu styðja kröfur hans. Gagnrýni stefnanda á þýðingu eða umfang landnáms hafi ekki þýðingu enda hafi þau sjónarmið sem nefndin hafi lagt til grundvallar verið staðfest í dómum. Hið sama megi segja um samnotaafrétti. Stefndi hafnar því alfarið að nefndin hafi gert strangari kröfur til stefnanda þegar metin hafi verið þýðing afnota eða gerninga um landsvæði, samanbórið við Kolviðarhól og athafnasvæði Í.R. Þá hafnar stefndi gagnrýni stefnanda á úrskurðinn varðandi línu í sjónhendingu og bendir á að frá melhólnum sem nefndin hafi miðað við sjáist á topp Reykjafells. Þá er því alfarið hafnað að nefndin hafi ekki gætt andmælaréttar, enda hafi málið verið flutt sérstaklega fyrir nefndinni um öll ágreiningsefni þess og það rannsakað til hlítar.

Stefndi vísar til almennra reglna eignarréttar og til þjóðlendulaga nr. 58/1998. Þá er vísað til 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not sem og meginreglna um eignarráð fasteignareigenda, almennra reglna samninga- og kröfuréttar og hefðarlaga nr. 14/1905. Vísað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986. Þá er vísað til ýmissa eignarréttarreglna í Grágás og Jónsbók. Krafa um málskostnað styðst við XXI. kafla laga nr. 91/1991.

### **Málsástæður og lagarök stefnda sveitarfélagsins Ölfuss.**

Stefndi kveður ágreining í máli þessu snúast um staðsetningu rauðleits melhnjúks eða bleikrauðan mel og Raufarberg fyrir framan svokallaða Kýrgilshnjúka og línuna úr honum í Reykjafell, en lína þessi liggja á mörkum jarða og afrétta í Ölfusi. Stefndi fellst á niðurstöðu óbyggðanefndar um staðsetningu framangreindra örnefna en hann fellst ekki á túlkun stefnanda á orðinu sjónhending og telur það orð ekki þurfa að þýða að menn sjái milli staða heldur að hugsuð sé bein lína milli staða sem þeir þekki. Hins vegar sé það svo að frá rauðleita melhnúknum sem stefndi og óbyggðanefnd miði við sjáist á topp Reykjafells. Stefndi telur einnig útilokað, miðað við sunnlenska málvenju, að kalla melhnúk þann sem stefnandi miði við fyrir framan Kýrgilshnúka, því hann sé ofan eða norðan við hnúkana en sá hnúkur sem stefndi og nefndin miði við og héraðsdómur hafi staðfest sé neðan, sunnan eða framan við Kýrgilshnúka. Stefndi vísar kröfum sínum til stuðnings til dómsáttar frá 1970 um merkjalínu milli jarða og afréttar, greinargerða Gylfa Más Guðbergssonar prófessors frá 1988 og 1996, örnefnalýsingar Guðmanns Ólafssonar frá 1982 og 1983 um merki Hagavíkur og Ölvusvatns.

Stefndi telur ljóst að annars vegar landamerkjabréf Reykjatorfunnar frá 1884 og hins vegar landamerkjabréf fyrir jarðirnar Krók og Ölfisvatn með hjáleigunni Hagavík frá 1885 lýsi sömu kennileitum þegar vísað sé til rauðleits melhnjúks eða

bleikrauðs mels og Raufarbergs. Verði það ráðið af samhengi bréfanna sem bæði séu undirrituð með skömmu millibili af sömu einstaklingum sem verið hafi í fyrirsvari vegna jarðanna. Af báðum bréfunum verði einnig ráðið að í grennd við melhólinn liggja svonefnt Raufarberg og hafi því verið fundinn staður í tveimur vettvangsgöngum óbyggðanefndar með lögmönnum aðila. Það kennileiti liggja mun nær þeim melhól sem stefndi miði við en ekki hafi verið fundið neitt annað kennileiti nærri þeim stað sem stefnandi miði við sem gæti kallast Raufarberg eða sem kemur heim og saman við þá lýsingu sem til sé um Raufarberg í heimildum. Þá verði alls ekki ráðið af landamerkjabréfinu fyrir Krók og Ölfisvatn með hjáleigunni Hagavík að melhóllinn taki við af Hengilssyllum og að óhjákvæmileg sjónlína sé milli melhólsins og Hengilssyllna. Verði því að leggja til grundvallar að rauðleiti melhóllinn sé fyrir framan Kýrgilið á þeim stað sem stefndi miði við og merkur sé p4 á dómskjali 3 og pK í úrskurðarkorti óbyggðanefndar. Beri því að staðfesta mörk afréttarins að sunnan og austan eins og þau séu dregin í dómi Hæstaréttar nr. 198/2009 frá 3. júní 2010, þ.e. „*Hengilssyllur og síðan í rauðleitan Melhnjúk fyrir framan Kýrgilshnjúka. Frá þeim punkti verður línan dregin beint í hæsta hnjúk á Reykjafelli.*“

Stefndi tekur á hinn bóginn undir kröfur stefnanda að því leyti að viðurkennt verði að land það á Hellisheiði sem hann hafi keypt úr nánar tilgreindum jörðum í Ölfusi og liggja sunnan Ölfusafréttar sé eignarland en ekki þjóðlenda. Stefndi telur að allar jarðir í Ölfusi, eins og þær séu afmarkaðar í landamerkjabréfi, séu eignarland eins og aðrar jarðir í Árnessýslu.

Stefndi byggir á almennum reglum eignarréttar og vísar til meginreglna í eignarrétti, einkum 72. gr. stjórnarskrárinnar. Stefndi vísar einnig til laga nr. 6/1986, laga nr. 58/1998, einkum 1. gr., 5.gr., 15. gr. og 17. gr., mannréttindasáttmála Evrópu, einkum 2. og 6. gr. og 1. gr. 1. samningsviðauka. Stefndi byggir kröfu um málskostnað á XXI. kafla laga nr. 91/1991.

### **Málsástæður og lagarök stefnda Grímsnes- og Grafningshrepps.**

Þessi stefndi fellst á niðurstöðu óbyggðanefndar um staðsetningu hins rauðbleika melhóls og sé niðurstaða óbyggðanefndar rétt um mörk jarða og afréttar en engin rök mæli með staðsetningu stefnanda á melnum og geti sú staðsetning aldrei verið merkjapunktur eða hornmark milli hinna stefndu sveitarfélaga. Stefndi vísar til greinargerða Gylfa Mús Guðbergssonar, prófessors frá 1988 og 1996 og segir melhólinn sem Gylfi nefni þann sama og nefndin hafi miðað við í úrskurði sínum (punktur 4). Stefndi tekur undir mótmæli meðstefnda að því er varðar túlkun orðsins sjónhending og tekur fram að enginn ágreiningur hafi verið um afmörkun Grafningsafréttar eða sveitarfélaganna um ómunatið. Hafi niðurstaða nefndarinnar verið í samræmi við það. Þá vísar stefndi til landamerkjalyýsingar frá 2. júní 1978, sem rituð hafi verið af Ársæli Hannessyni, þáverandi oddvita, en hún sé í samræmi við skráningu afréttarmarka Ölfus- og Grafningshrepps frá 22. maí 1886 sem og landamerkjabréfa aðliggjandi jarða.

Stefndi byggir á almennum reglum eignarréttar og vísar til þjóðlendlaga nr. 58/1998 og 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þá byggir hann á meginreglum eignarréttar um nám, töku og not sem og hefðarlögum nr. 14/1905. Hann vísar til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986. Krafa um málskostnað er reist á XXI. kafla laga nr. 91/1991.

### **Málsástæður og lagarök stefndu Birkis og Kristjáns.**

Stefndu byggja á því að óumdeilt sé að þverlína sem skilji að heimalönd og afrétt, sé dregin úr Reykjafelli en það sé hornmark Hjallatorfu og Kolviðarhóls. Línan sé síðan dregin úr þeim punkti í hornmark milli Reykjatorfu, Stóra-Saurbæjar og Ölfusvatnstorfu og sé þetta einnig óumdeilt. Hafi þverlínan verið samþykkt með dómsátt 4. desember 1970 en ágreiningur hafi verið milli eigenda Ytri Þurár og eigenda Núpa um landamerki milli jarðanna. Hafi landamerkin verið dregin á uppdrátt er sýni þverlínu úr Reykjafelli í rauðleitan melhnjúk, hornmark Reykjatorfu, Stóra-Saurbæjar og Ölfusvatnstorfu. Hafi þessi merki sem og þverlínan verið samþykkt af öllum hlutaðeigandi og verið staðfesting á því sem gengið hefði verið út frá um afmörkun afréttar og heimalanda jarða á svæðinu. Hafi Gylfi Már Guðbergsson landfræðingur einnig kannað þessi mörk árið 1990 og taldi hann umrædda þverlínu vera línu sem dregin væri úr hæsta punkti Stóra Reykjafells (eystra horn þess) í hornmark milli Reykjatorfu, Stóra-Saurbæjar og Ölfusvatnstorfu.

Stefndu benda á að með þinglýstum leigusamningi milli eiganda Núpa og Skátafélags Reykjavíkur frá 1943 og 1947 hafi fylgt teikning af svæðinu sunnan í Skarðsmýrarfjalli. Það land og allir skálarnir séu sunnan þeirrar línu en skálinn í Hreysi í mynni Innstadals sé norðan línunnar, enda leigður úr afréttarlandi Ölfushrepps. Sá skáli sé hins vegar sunnan kröfulínu stefnanda.

Stefndu byggja á því að ekki sé unnt að leggja til grundvallar lögfestur fyrir jörðina Núpa frá 1817 og 1827 en þær séu einhliða yfirlýsingar viðkomandi landeigenda sem ekki hafi verið samþykktar af eigendum aðliggjandi jarða. Hafi með þessum einhliða yfirlýsingum verið gerð tilraun til að færa land Núpa mun austar en réttur hafi staðið til og lýsing þess önnur en landamerkjabréf hlutaðeigandi jarða greini. Þá hafi breytt staðfærsla Helluvaðs í Hengladalsá rétt ofan kröppu beygjunnar við ána á suðvesturhorni Reykjatorfulandsins þau áhrif að ekki sé unnt að skera land Litla-Saurbæjar. Með skiptum á staðfærslu Hellu- og Lambavaðs samkvæmt lögfestunum gömlu og fleiri gögnum skeri það horn ekki land Litla Saurbæjar eins og fyrri staðfærslur hafi gert. Samkvæmt landamerkjum Reykjatorfu sé Helluvað hornmark Reykjatorfulands til suðvesturs og styðji það einnig sjónarmið stefndu.

Stefndu byggja á að afmörkun lands Litla-Saurbæjar gagnvart afrétti sé í samræmi við lýsingar á merkjum Ölfusafréttar, þ.e. lýsingu oddvita Selvogsafréttar frá 19. apríl 1979 og lýsingu hreppstjóra Ölfushrepps frá 28. febrúar 1920. Séu þessar lýsingar í góðu samræmi við landamerkjalyýsingar aðliggjandi jarða sem gerðar hafi verið í lok 19. aldar. Hafi landamerkjum þeirra jarða sem liggja að Ölfusafrétti

verið þinglýst og þær færðar í landamerkjabók án þess að nokkrar athugasemdir eða mótmæli hafi fyrir eða síðar komið fram. Þá sé um að ræða eðlilega línu milli tveggja óumdeilanlegra landamerkjapunkta í lýsingum aðliggjandi jarða og sé þessi afmörkun á landi ofan fjalls samþykkt og óumdeild gagnvart því landi sem nefnt sé afréttur.

Stefndu byggja á því að land Litla-Saurbæjar ofan fjalls sé eignarland en geti ekki talist þjóðlenda. Fyrir liggja þinglýstar merkjalýsingar auk þess sem heimildir um landnám svæðisins, þ.e. landnám Ingólfs Arnarsonar á öllu svæðinu styðji eignarheimild þeirra. Hafi landamerki jarðanna verið athugasemdalaus fram til þessa, bæði af hálfu einkaaðila sem og almannavaldinu. Hafi orðið aðilaskipti að jörðum frá því landamerkjalyýsingar voru gerðar og þær lagðar til grundvallar við kaup og sölu þeirra, veðsetningu og aðra ráðstöfun og hagnýtingu. Verði land innan þinglýstra landamerkjabréfa ekki tekið af eignum þess nema með eignarnámi og þá gegn fullum bótum. Þá hafi Hæstiréttur staðfest þá afstöðu óbyggðanefndar að löglíkur séu fyrir því að jarðir innan þinglýstra landamerkja séu beinum eignarrétti undirorpnar. Fyrir liggja landamerkjalyýsing fyrir jörð stefndu frá 1890 og hafi hún verið lesin á viðeigandi manntalsþingi og innfærð í landamerkjabók. Beri þessum lýsingum saman við lýsingar á merkjum aðliggjandi jarða og hvorki sé né hafi verið ágreiningur um merkin í ómunatíð. Hafi umboðsmenn opinbers valds hvorki fyrir né síðar dregið merkjalýsingar jarðanna í efa í orði eða verki. Þvert á móti hafi íslenska ríkið byggt samskipti sín við eigendur jarðanna á því að allt land innan þinglýstra merkja væri háð einkaeignarrétti eiganda. Hafi lánastofnanir og opinberir sjóðir tekið veð í öllu landi innan þinglesinna landamerkja og veðskuldabréfum hafi verið þinglýst án athugasemda. Þá hafi eignarréttur stefndu verið virtur af öðrum og hafi þeir því haft réttmætar væntingar til þess að landið sé háð einkaeignarrétti þeirra. Eignarrétturinn njóti verndar samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu. Sé því einfaldlega ekki hægt að upphefja eignarrétt stefndu sem hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins haft réttmætar ástæður til að vænta þess að þetta land jarðarinnar væri beinum eignarrétti háð.

Stefndu byggja á því að allri óvissu um merki jarða hafi verið eytt með setningu landamerkjalaga hinna eldri og hinna nýrri að því er varði þær jarðir sem þá hafi verið gerð landamerkjabréf fyrir og þau afhent til þinglýsingar og þinglesin athugasemdalaust. Með löggjöfinni hafi ekki einungis verið stuðlað að því að merki væru sett niður milli jarða heldur hafi útvegum lánsfjár verið auðvelduð og unnt að veðsetja jarðirnar. Þá hafi jarðamat verið gert áreiðanlegra, m.a. vegna skattlagningar. Hafi lögin því verið skref í þá átt að flytja íslenskan landbúnað inn í nútímalegra hagkerfi.

Stefndu hafna því að þeim verði gert skylt að rekja eignarheimildir sínar annað og lengra en til þinglesinna eignarheimilda sinna og landamerkjaskráa. Hafi allri óvissu um merki jarða verið eytt með setningu landamerkjalaga og gerð landamerkjabréfa sem þinglýst hafi verið athugasemdalaust. Verði stefndu ekki gert skylt að sanna eignarrétt sinn með öðrum hætti en landeignum í landinu. Þau rök að enginn hafi verið til fyrirvars þegar að endimörkum jarðarinnar til landsins hafi komið standist ekki. Ef afréttur í sameign byggðarmanna var næstur mörkum jarða og eigandi fjalljarðar leitaðist við að færa út landamerki síns lands inn til landsins hefði eignum afréttarins verið að mæta. Sé augljóst að bændur á innstu jörðum

hefðu ekki komist upp með að draga sér land af afréttinum án viðbragða sameigenda.

Stefndu telja að hinar misgömlu heimildir Landnámu hafi ekkert gildi sem heimildir um merki jarða. Þá hafi réttarreglur settar eftir að landnámi lauk vart neina þýðingu um landnámið sjálft, enda hafi landnáminu verið lokið þegar ríki hafi verið stofnað á Íslandi. Hvorki reglur þjóðveldistímans né reglur Jónsbókar frá konungstímanum geti orkað á stofnun réttinda á landnámstímanum. Stefndu hafi sýnt fram á að land það sem sé innan þinglesinna merkja hafi verið óbreytt í ómunatíð og verði ekki haggð nema með breytingu á stjórnskipan landsins. Sú krafa að stefndu sanni nú að þeir eða forverar þeirra eigi það land sem þeir hafi keypt og/eða eignast lögum samkvæmt á grundvelli fullkominna eignarheimilda, eigi sér enga lagastoð og ekki sé unnt að réttlæta þá kröfu með skynsamlegum rökum. Reyndar sé það þannig að lýsingar í Landnámu í þessu tilviki styðji ótvírætt við þinglýstar eignarheimildir jarðareigenda á svæðinu. Hafi ætíð verið litið á það land, sem falli innan þjóðlendulínu óbyggðanefndar sem hluta af landi viðkomandi jarða. Sé því enginn vafi um einkaeignarrétt þeirra.

Stefndu vísa til þess að reglur um ómunahefð séu viðurkenndar þegar ekki sé öðrum heimildum fyrir að fara. Þegar landamerkjalögin 1882 komu til framkvæmda hafi eigendur jarða sem ekki höfðu skjálleg gögn til sönnunar um eignarréttinn getað stuðst við ómunahefð. Hafi sú niðurstaða orðið í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu 1997 í máli hinna helgu klaustra gegn Grikklandi, en þar hafi notkun frá ómunatíð komið í stað skjallegrar eignarheimildar. Frá ómunatíð merki að sjálfsgöðu ekki annað en örfáa mannsaldra.

Að því er varðar þau rök íslenska ríkisins að innan merkja jarða gildi tvenns konar ólögfest eignarform taka stefndu fram að innan landamerkja gildi aðeins beinn eignarréttur eiganda jarðarinnar og ríkinu hafi ekki tekist að að færa nein söguleg eða lögfræðileg rök fyrir því að heimilt sé að skipta jörð að álitum í einkaeign eiganda og annars konar eign eiganda, sem sé í raun háð eignarrétti ríkisins og teljist þjóðlenda. Óbyggðanefnd hafi í fyrri úrskurðum sínum staðfest að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi innan landamerkja, eins og við eigi í tilviki stefndu.

Stefndu hafna þeirri skoðun að skilyrði fyrir eignarrétti sé að land hafi verið í heilsársnotum. Hafi allt land stefndu verið nýtt hvort sem verið hafi til beitar eða annarra nota árið um kring í ómunatíð og geti það ekki skipt máli fyrir vernd eignarréttar hversu mikið eða oft eigandi noti land.

Stefndu fallast ekki á það sjónarmið að hægt sé að krefjast þess að landamerki jarða sem snúi inn til landsins verði endurskoðuð vegna þess að þau séu ekki samþykkt. Enginn lagaáskilnaður sé um slíkt og þá hafi íslenska ríkið í reynd samþykkt þessi merki eins og að framan getur. Hafi merkin verið átölulaus í ómunatíð og jafnframt verið samþykkt af hálfu sveitarfélagsins.

Stefndu eru sammála niðurstöðu óbyggðanefndar hvað varðar eignarheimildir Litla-Saurbæjar og að réttargæslustefndi geti ekki talið til réttinda á þessu landi en hins vegar segiast þeim ósammála nefndinni um inntak eignarráðanna eins og rakið hefur verið.

Stefndu lýsa í greinargerð sinni eignarheimildum sínum að jörðunum og þeim löggerningum sem gerðir voru af því tilefni frá 1936. Samkvæmt því skiptist jörðin Litla-Saurbær upp í tvær jarðir þegar Sverrir heitinn Jónsson stofnaði nýbýlið Litla-Saurbæ II. Sá hluti sem talinn hafi verið að tilheyrði jörðinni ofan fjalls hafi þó áfram verið hluti af jörðinni Litla-Saurbæ I ef frá er talin 20 ha spilda sem eigandi jarðarinnar hafi ráðstafað til Sverris heitins með afsölum 26. ágúst og 14. september 1953. Stefndu vísa síðan til eftirfarandi niðurstöðu óbyggðanefndar varðandi réttindi Litla-Saurbæjar ofan fjalls: „Hinn 27. september 1986 var gefið út afsal fyrir jörðinni Litla-Saurbæ I til Kristins Sigurðssonar. Með afsalinu var þó undanskilið land jarðarinnar ofan við veginn sem liggur niður í bæjarþorpið eins og beinlínis er tekið fram í afsalinu. Að því gættu yfirfærðust engin réttindi yfir því landi með afsalinu og ekkert hefur komið fram sem rennir stoðum undir að Kristinn hafi með öðru móti öðlast réttindi yfir því landi. Í samræmi við þá meginreglu eignarréttar að sá sem afsalar fasteignaréttindum getur ekki ráðstafað viðtækari rétti en hann sjálfur á gat Kristinn ekki afsalað fasteignaréttindum ofan vegarins. Í afsali Kristins Sigurðssonar frá 20. nóvember 1987 til Guðmundar Birgissonar og Aðalsteins Karlsonar var tekið fram að ekki fylgdi með í kaupunum fyrrgreind 20 ha spilda ofan vegar sem ráðstafað hafði verið til Sverris Jónssonar. Af þessu er nærtækt að draga þá ályktun að annað land ofan vegar hafi átt að fylgja með í kaupunum. Svo sem hér hefur verið rakið var Kristinn hins vegar ekki bær til að ráðstafa því landi og því yfirfærðust engin réttindi til þess lands með afsalinu. Af þeim sökum gátu jafnframt rétthafar samkvæmt umræddu afsali ekki skipt út landi á þessu svæði og síðan selt það land til Orkuveitu Reykjavíkur með kaupsamningi sama dag. Með umræddum gerningum öðlaðist því Orkuveitan engan rétt til lands Litla-Saurbæjar ofan fjalls.“

Hafi óbyggðanefnd því komist að þeirri niðurstöðu að við sölu Litla-Saurbæjar I með afsali 27. september 1986 hafi fasteignaréttindi ofan fjalls verið undanskilin og að stefndi Kristján og Sverrir séu eigendur þess afnotaréttar í krafti ráðstöfunar á því landi með yfirlýsingum milli systkina sinna og barna Jóns Helgasonar sem áður hafi verið eigandi Litla-Saurbæjar. Stefndu segjast ekki sammála óbyggðanefnd varðandi inntak eignarráða þeirra til landsins og taka því undir kröfu stefnanda að því er varðar ógildingu á úrskurði nefndarinnar að hluta, þ.e. þeim hluta er taki til lands Litla-Saurbæjar og að mörk þjóðlendu (Ölfusafréttar) verði dregin með þeim hætti sem að framan greinir. Stefndu munu hins vegar fylgja því eftir fyrir dómstólum að umrætt land verði viðurkennt eignarland þeirra verði úrskurður óbyggðanefndar felldur úr gildi. Ljóst sé hins vegar að stefnandi geti ekki talið til réttinda yfir þessu landi og sé úrskurður nefndarinnar í samræmi við málflutning stefndu frá upphafi.

Stefndu vísa til meginreglna um stofnun eignarréttar og eignarráð fasteignareiganda, almennra reglna samninga- og kröfuréttar, laga nr. 46/1905 um hefð, einkum 2., 3. og 6. gr. laganna, jarðalaga nr. 65/1976, 3. tl. 10. gr. laga nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu, sbr. síðar lög nr. 58/1998 og nú lög nr. 40/2002 um fasteignakaup. Þá er byggt á lögum nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, sem og almennum reglum um nám, tilhögun merkjalýsinga og sönnun fyrir eignarrétti. Málskostnaðarkrafa er reist á XXI. kafla laga nr. 91/1991.

## Málsástæður og lagarök réttargæslustefndu.

Réttargæslustefndu gera engar kröfur í máli þessu en taka hins vegar undir kröfugerð stefnanda, bæði hvað varðar aðalkröfu og varakröfu og taka jafnframt undir sjónarmið, málsástæður og lagarök hans.

Sá þáttur málsins sem varðar réttargæslustefndu Guðmund A. Birgisson og Steinunni Tómasdóttur mun varða jörðina Litla-Saurbæ og benda þau sérstaklega á að óbyggðanefnd hafi þá skyldu að afla gagna og heimilda um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til umfjöllunar er til að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái stök álitafni. Nefndin hafi hins vegar hvorki leitað eftir afstöðu stefnanda né þessara réttargæslustefndu vegna framkominnar kröfu Sverris og Kristjáns Jónssona, en þeir séu tveir af níu fyrrverandi eigendum Litla-Saurbæjar. Hafi þeir á umliðnum árum ítrekað en án árangurs reynt að fá ætluð réttindi sín viðurkennd fyrir dómi en kröfum þeirra hafi jafnharðan verið hafnað. Engar kröfur hafi hins vegar borist frá hinum sjö fyrrverandi jarðareigendum gagnvart þessum réttargæslustefndu og þeim er ekki kunnugt um að þeir hafi haft uppi kröfur gagnvart stefnanda. Með vísan til þessa telja þessi réttargæslustefndu niðurstöðu nefndarinnar um réttindi Litla-Saurbæjar óskiljanlega, en það sé ekki hlutverk nefndarinnar að tjá sig um einkaréttarlegan ágreining milli þessara réttargæslustefndu annars vegar og Kristjáns og Sverris hins vegar.

Réttargæslustefndu benda á að í kaupsamningum og afsölum milli þeirra og stefnanda hafi stefndi sveitarfélagið Ölfus fallið frá forkaupsrétti og enn fremur samþykkt landskiptagerð milli jarðanna Stóra- og Litla-Saurbæjar þann 11. febrúar 1999. Skjóti því óneitanlega skökku við að aðalkrafa sveitarfélagsins í þessu máli sé að krefjast sýknu af aðalkröfu stefnanda.

Réttargæslustefndu krefjast málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda en í stefnu komi fram að rök stefnanda fyrir því að stefna landeigendum til réttargæslu séu þau að standi úrskurður óbyggðanefndar óhaggaður hafi þeir selt stefnanda hluta af þjóðlendu íslenska ríkisins og skipti niðurstaða dómsmálsins þá verulegu máli að lögum. Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 184/2009 vegna sama úrskurðar nefndarinnar hafi máli stefnanda verið vísað frá héraðsdómi. Í því máli hafi aðild réttargæslustefndu verið rökstudd með sama hætti af hálfu stefnanda. Í dómi réttarins komi fram að enga laganauðsyn hafi borið til þess að stefna réttargæslustefndu í máli um ógildingu á úrskurði óbyggðanefndar heldur hafi stefnandi einungis staðið að málsókninni með þessum hætti vegna þeirra hagsmuna sem hann kynni að eiga í framhaldi af efnisdómi. Í dómi réttarins komi fram að réttargæslustefndu hafi í því máli verið veitt gjafsókn samkvæmt heimild í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 58/1998 með síðari breytingum, en jafnframt sé ljóst að eins og aðild þeirra sé háttáð gæti lagaákvæðið ekki átt við um þá. Hafi stefnandi því verið dæmdur til greiðslu málskostnaðar sem samsvarað hafi dæmdum gjafsóknarkostnaði réttargæslustefndu. Sé því ljóst að réttargæslustefndu eigi ekki rétt á gjafsókn í máli þessu og sé þeim því nauðsyn á að krefja stefnanda um málskostnaðinn.

## Niðurstaða.

Með dómi Héraðsdóms Suðurlands upp kveðnum 27. janúar 2009 var viðurkenndur fullkominn eignarréttur stefnanda að landsvæðum þeim er hann hafði keypt úr jörðunum Ytri-Þurá, Núpum I, II og III, Vatna, Kröggólfsstaða, Þúfu, Litla-Saurbæjar og Stóra-Saurbæjar í sveitarfélaginu Ölfusi og er þinglýstur eigandi að og liggja að mörkum afréttar Ölfuss í sveitarfélaginu Ölfusi og Grímsnes- og Grafningshreppi og ákveðið að þar væri engin þjóðlenda. Með dómi Hæstaréttar Íslands upp kveðnum 3. júní 2010 í málinu nr. 184/2009 var málinu hins vegar vísað frá héraðsdómi. Í dómi Hæstaréttar segir svo:

*„Gagnáfrýjandi höfðaði mál þetta á hendur aðaláfrýjanda og stefndu með stefnu 20. desember 2006, þar sem hann krafðist að úrskurðir óbyggðanefndar 31. maí 2006 í málum nr. 5/2004 og 6/2004 yrðu að hluta felldir úr gildi og viðurkennt að norðurmörk jarðanna Ytri-Þurár, Núpa I, II og III, Vatna, Kröggólfsstaða, Þúfu, Litla-Saurbæjar og Stóra-Saurbæjar væru um línu samkvæmt framlögðum uppdrætti úr eystra horni Reykjafells í rauðbleikan melhól, sem aðallega yrði talinn vera upp af Kýrgili, en til vara á sama stað og óbyggðanefnd hafði komist að niðurstöðu um. Gagnáfrýjandi krafðist þess jafnframt að viðurkennt yrði að mörk Ölfusvatns og Hagavíkur í Grímsnes- og Grafningshreppi væru um línu frá tilteknum punkti í Hengilssyllum að rauðbleika melhólnum, sem yrði fundinn staður aðallega og til vara á sama hátt og áður greinir. Að auki krafðist gagnáfrýjandi að viðurkenndur yrði fullkominn eignarréttur sinn „að landsvæðum þeim er hann hefur keypt úr frammannefndum jörðum og er þinglýstur eigandi að og liggja að mörkum afréttar Ölfuss í Sveitarfélaginu Ölfusi og Grímsnes- og Grafningshreppi.“ Aðaláfrýjandi og stefndi Grímsnes- og Grafningshreppur kröfðust báðir sýknu af kröfum gagnáfrýjanda. Stefndi Sveitarfélagið Ölfus krafðist einnig sýknu af aðalkröfu gagnáfrýjanda, en lýsti sig á hinn bóginn sammála varakröfu hans um „línu sem skilur að heimalönd jarða í Ölfusi og Ölfusafrétt“, svo og „sýknukröfu stefnanda á þjóðlendukröfu ríkisins.“ Gagnáfrýjandi stefndi þeim sömu til réttargæslu í héraði og hann stefnir í því skyni fyrir Hæstarétt og létu þau málið þar til sín taka í sama mæli og hér fyrir dómi.*

*Í dómsorði hins áfrýjaða dóms var auk ákvæða um málskostnað og gjafsóknarkostnað mælt fyrir um það eitt að viðurkenndur væri „fullkominn eignarréttur stefnanda, Orkuveitu Reykjavíkur, að landsvæðum þeim er hann hefur keypt úr jörðunum Ytri-Þurá, Núpum I, II og III, Vatna, Kröggólfsstaða, Þúfu, Litla-Saurbæjar og Stóra-Saurbæjar í Sveitarfélaginu Ölfusi og er þinglýstur eigandi að og liggja að mörkum afréttar Ölfuss í Sveitarfélaginu Ölfusi og Grímsnes- og Grafningshreppi og er þar engin þjóðlenda.“ Með þessu var hvorki tekin afstaða til kröfu gagnáfrýjanda um að ógiltir yrðu að hluta úrskurðir óbyggðanefndar í málum nr. 5/2004 og 6/2004 eða um mörk Ölfusvatns og Hagavíkur né til þess þáttar í kröfu hans, sem varðaði norðurmörk áður nefndra jarða. Líta verður svo á, eins og óumdeilt virðist vera samkvæmt málflutningi aðilanna fyrir Hæstarétti, að í forsendum hins áfrýjaða dóms hafi verið hafnað að svokallaður rauðbleikur melhóll væri þar, sem gagnáfrýjandi hefur haldið fram, og*

*lögð þess í stað til grundvallar niðurstaða óbyggðanefndar um það atriði. Um þetta meginágreiningsefni aðilanna verður þó ekkert ráðið af dómsorði hins áfrýjanda dóms nema þá helst það gagnstæða, enda segir þar að viðurkenndur sé eignarréttur gagnáfrýjanda að landsvæðum, sem hann hefur keypt úr fyrrnefndum jörðum, en eftir hljóðan samninga hans við réttargæslustefndu tóku þau kaup mið af svokallaðri þverlínu 2 á uppdrætti Forverks ehf. frá október 1998, sem dregin var úr Reykjafelli að melhólnum eins og gagnáfrýjandi taldi að finna ætti honum stað. Auk þessa skortir mjög á að viðhlítandi röksemdir hafi verið færðar fyrir niðurstöðu héraðsdóms. Af þessum ástæðum væru efni til að ómerkja hinn áfrýjanda dóm og vísa málinu heim í hérað til dómsálagningar á ný ef annað kæmi ekki til.*

*Eins og áður greinir krefst gagnáfrýjandi þess aðallega fyrir Hæstarétti að viðurkennt verði að norðurmörk jarðanna Ytri-Þurár, Eystri-Þurár I, Núpa I, II og III, Vatna, Kröggólfsstaða, Þúfu, Litla-Saurbæjar og Stóra-Saurbæjar séu gagnvart Ölfusafrétti um línu úr eystra horni Reykjafells í rauðbleikan melhól upp af Kýrgili, svo og að mörk Ölfusvatns og Hagavíkur séu um línu frá sama melhól í punkt við Hengilssyllur á mörkum Hagavíkur og Nesjavalla, en til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar héraðsdóms. Aðalkrafa gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti svarar efnislega til aðalkröfu hans í héraði að því tvennu frágengnu að annars vegar tekur krafan hér fyrir dómi um norðurmörk jarða jafnframt til Eystri-Þurár I, sem ekki var getið í kröfugerð í héraði, og hins vegar er ekki lengur höfð berum orðum uppi krafa um að úrskurðir óbyggðanefndar í málum nr. 5/2004 og 6/2004 verði að hluta ógiltir. Um fyrrnefnda atriðið er þess að gæta að ekki eru skilyrði samkvæmt 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála með áorðnum breytingum til að gagnáfrýjandi fái komið að fyrir Hæstarétti kröfu, sem ekki var gerð í héraði. Um það síðarnefnda verður að líta til þess að samkvæmt a. lið 7. gr. laga nr. 58/1998 er það hlutverk óbyggðanefndar að skera úr um hvaða land teljist til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra gagnvart eignarlöndum, en slíkur úrskurður er endanlegur sé honum ekki hnekk með dómi, sbr. 1. mgr. 19. gr. laganna. Dómur um að viðurkenndur væri eignarréttur gagnáfrýjanda að landi, sem eftir úrskurði óbyggðanefndar telst til þjóðlendna, gæti ekki einn og sér fellt hann að hluta úr gildi. Að því virtu má skýra kröfugerð gagnáfrýjanda með hliðsjón af málalíbúnaði hans að öðru leyti á þann veg að hún taki eins og fyrir héraðsdómi til þessa atriðis. Svo sem fyrr var getið var í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 6/2004 tekin afstaða til þess hverjir nytu réttinda yfir afrétti innan þjóðlendu á svæðinu sunnan Ölfusafréttar og norðan jarðanna Ytri-Þurár, Eystri Þurár I, Núpa I, II og III, Vatna, Kröggólfsstaða, Þúfu, Litla-Saurbæjar og Stóra-Saurbæjar, eins og mörk þessarar þjóðlendu voru ákveðin í úrskurðinum. Að því leyti, sem þessi réttindi gátu tengst jörðinni Litla-Saurbæ, komst óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að Sverrir Jónsson og Kristinn Jónsson nytu þeirra. Af þeim sökum verður ekki leyst að efni til úr kröfu um ógildingu ákvæða um þessa þjóðlendu í úrskurði óbyggðanefndar án þess að síðastnefndir menn eigi aðild að máli til sóknar eða varnar. Stendur þá eftir krafa gagnáfrýjanda um að viðurkennd verði nánar tiltekin norðurmörk jarðanna Ytri-Þurár, Núpa I, II og III, Vatna, Kröggólfsstaða, Þúfu, Litla-Saurbæjar og Stóra-Saurbæjar. Eftir gögnum málsins er gagnáfrýjandi ekki eigandi þessara jarða, heldur keypti hann með fyrrgreindum samningum frá 8. janúar og 3. febrúar 1999 land, sem áður hafði verið skilið frá jörðunum með landskiptum og taldist því ekki lengur hluti þeirra. Þessi krafa gagnáfrýjanda er þannig eftir orðanna hljóðan ekki í því horfi að fært yrði að taka hana til greina með dómi. Fyrir héraðsdómi gerði gagnáfrýjandi að endingu sjálfstæða kröfu um að viðurkenndur yrði eignarréttur hans að „landsvæðum þeim er hann hefur keypt*

*úr framannefndum jörðum og er þinglýstur eigandi að og liggja að mörkum afréttar Ölfuss í Sveitarfélaginu Ölfusi og Grímsnes- og Grafningshreppi. “ Að öllu öðru frágengnu væri þessi krafa heldur ekki tæk til efnisdóms, enda er einskis getið í henni um hver þessi landsvæði séu, hvernig þau séu afmörkuð eða um hvaða kaup sé þar að ræða. Að öllu þessu virtu eru þeir annmarkar á málatilbúnaði gagnáfrýjanda að óhjákvæmilegt er að vísa málinu af sjálfsdáðum frá héraðsdómi. “*

Stefnandi hefur nú höfðað mál á hendur sömu aðilum og áður að viðbættum þeim Birki Kristjánssyni og Kristjáni Jónssyni vegna Litla-Saurbæjar.

Dómarinn fór á vettvang ásamt lögmönnum aðila og kynnti sér aðstæður.

Með lögum nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, sem tóku gildi 1. júlí 1998, var sérstakri stjórnarsýslunefnd, óbyggðanefnd, falið að kanna og skera úr um hvaða landsvæði innan íslenska ríkisins teljist til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna, sbr. 7. gr. laganna. Með bréfi dagsettu 27. október 2003 tilkynnti nefndin fjármálaráðherra að tekin yrðu til meðferðar nánar tilgreind landsvæði sem tekur yfir sveitarfélög í Gullbringu- og Kjósarsýslum, auk þess hluta Árnessýslu sem nefndin hefur ekki þegar tekið afstöðu til, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. laganna, en þetta svæði var hið fjórða sem til meðferðar kom hjá nefndinni. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu í úrskurði sínum frá 31. maí 2006 að landsvæði það sem hér er til meðferðar væri þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Í 1. gr. þjóðlendulaga er eignarland þannig skilgreint að um sé að ræða landsvæði sem háð sé eignarrétti þannig að eigandi landsins fari með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segi til um á hverjum tíma. Þá er þjóðlenda þannig skilgreind að um sé að ræða landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi. Afréttur er skilgreindur sem landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarþeirra fyrir búfé. Eins og að framan er rakið skal hlutverk óbyggðanefndar vera m.a. að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur, sbr. b-lið 7. gr. laganna og jafnframt að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna, sbr. c-lið 7. gr. laganna.

Í dómi Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004, tók rétturinn almenna afstöðu til mats á gildi landamerkjabréfa og því hvert væri inntak eignarréttar á svæði, sem í þeim væri lýst. Var þar sagt að almennt skipti máli hvort um væri að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt væri að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Var þar sagt að landamerkjabréf fyrir jörð fæli almennt í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland væri að ræða þótt jafnframt yrði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Þá var talið að það yki almennt gildi landamerkjabréfs væri það áritað um samþykki eigenda aðliggjandi jarða. Hins vegar yrði ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að fyrir gildistöku laga nr. 58/1998 var engum til að dreifa sem gat sem handhafi beins eignarréttar gert samninga um mörk þess lands sem nú kallast þjóðlenda. Jafnframt var sagt að þess yrði að gæta að með því að gera landamerkjabréf gátu menn ekki einhliða aukið við land sitt eða

annan rétt umfram það. Verði til þess að líta hvort til séu eldri heimildir sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfi, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu lands.

Í greinargerð með þjóðlendulögnum er að því vikið að með afrétti sé almennt átt við tiltekið, afmarkað landsvæði, en skiptar skoðanir séu um hvort einungis geti verið um beitarrétt eða annan afnotarétt að ræða, þ.e. hvort slíkt landsvæði geti ýmist verið undirorpið beinum eða óbeinum eignarrétti. Samkvæmt athugasemdum við 1. gr. laganna er hugtakið afréttur skilgreint út frá beitarnotum fyrir búfé og ráðast mörk afréttar þannig af því landsvæði sem sannanlega hafi verið nýtt til sumarþeirrar fyrir búþening.

Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi að lögum nr. 58/1998, var tekið fram að ekki verði að lögum settar sérstakar sönnunarreglur eða lagaskilyrði fyrir því að land teljist eignarland í merkingu laganna, heldur ráðist það af almennum sönnunarreglum og réttarheimildum sem færðar eru fram í einstöku tilviki. Gildir sú regla því sem endranær að sá sem telur til eignarréttinda yfir landi verður að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu sé það dregið í efa.

Ágreiningur er með aðilum um staðsetningu rauðleits melhóls en hann er hornmark Reykjatorfu og Ölfusvatns (með Hagavík og Króki) í Grafningshreppi hinum forna. Stefnandi heldur því fram að hnúkurinn liggja upp af og norðanvert við Kýrgil en af hálfu stefndu í máli þessu er á því byggt að hann liggja fyrir framan Kýrgilið. Við vettvangsgöngu nefndarinnar með lögmönnum aðila mun Raufarberginu hafa verið fundinn staður og taldi nefndin það kennileiti liggja nær þeim melhól sem stefndu miða við og hafi ekki fundist neitt annað kennileiti nærri þeim stað sem stefnandi miði við. Taldi nefndin að ráða mætti af landamerkjabréfum Reykjatorfunnar frá 1884 og jarðanna Króks og Ölfusvatns með hjáleigunni Hagavík frá 1885 að melhóllinn liggja í grennd við Raufarberg. Ekki verður fram hjá því litið að ekki var ágreiningur um staðsetningu hólans í máli sem sveitarfélagið Ölfus höfðaði gegn íslenska ríkinu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 198/2009. Í vettvangsgöngu í tengslum við rekstur þessa máls var gengið á hól þann er stefnandi telur að sé hinn rauðbleiki melhóll. Að mati dómsins skar hóllinn sig ekki úr landslaginu með þeim hætti að fallast beri á að um kennileiti sé að ræða sem ráði landamerkjum. Má deila um hvort um hól sé að ræða, en um er að ræða brekku í norðanverðu Kýrgili frekar en hól. Þá varð ekki séð að litur hans væri með þeim hætti að hann skæri sig úr landslaginu á þessu svæði. Verður því ekki talið að stefnanda hafi tekist að hnekkja niðurstöðu óbyggðanefndar um staðsetningu hólans við vettvangsgöngu dómsins eða með öðrum hætti og verður við það miðað að sá rauðbleiki sé á þeim stað sem miðað var við í úrskurði nefndarinnar og raunar hefur verið staðfest í síðastgreindum dómi Hæstaréttar.

Í því máli felldu aðilar sig við niðurstöðu óbyggðanefndar um afmörkun Selvogs- og Ölfusafréttar, þar á meðal gagnvart eignarlandi Kolviðarhóls. Deilt var um hvort land á afréttinum væri háð beinum eignarrétti sveitarfélagsins, svo sem aðallega var krafist að yrði viðurkennt að öllu leyti, en til vara að nánar tilteknum hluta. Í dómi Hæstaréttar er tekið fram að samhliða máli þessu hafi á báðum dómstigum verið rekið mál Orkuveitu Reykjavíkur á hendur íslenska ríkinu, sveitarfélaginu og fleirum, sbr. hæstaréttarmálið nr. 184/2009, en það lúti að mörkum áður nefnds eignarlands Orkuveitunnar og þjóðlendu, þar á meðal gagnvart Selvogs- og Ölfusafrétti. Segir í dóminum að þótt dómkrafa áfrýjanda

(sveitarfélagsins Ölfuss) um viðurkenningu á eignarrétti sínum að öllum afréttinum taki þannig að hluta til lands, sem Orkuveita Reykjavíkur geri eignartilkall til, varði úrlausn um þá kröfu ekki hagsmuni Orkuveitunnar á þann hátt að nauðsyn hefði borið til aðildar hennar að máli þessu, enda sé dómur í því, sem meðal annars verði að reisa á sammæli áfrýjanda og stefnda um merki Selvogs- og Ölfusafréttar, ekki bindandi fyrir aðra en þá, sbr. 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Óumdeilt er í máli þessu að aldrei hefur verið búið á hinu umdeilda svæði og verður fallist á þá niðurstöðu óbyggðanefndar að það kunni að einhverju leyti eða öllu hafa verið innan upphaflegs landnáms. Þá verður fallist á þá niðurstöðu nefndarinnar að svæðið hafi verið tekið til sumarþeir og annarra takmarkaðra nota. Stefnandi segist eiga mikilla hagsmuna að gæta á umræddu svæði en hann mun á árunum 1999 til 2001 hafa keypt hluta jarða í Ölfusi til orkunýtingar.

Eins og notkun svæðisins hefur verið háttáð er það álit dómsins með hliðsjón af framansögðu og með vísan til fordæma Hæstaréttar Íslands í sambærilegum málum, sérstaklega í máli nr. 189/2009, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að landeigendur í Ölfusi, sem stefnandi leiðir rétt sinn frá, hafi unnið eignarhefð á svæðinu, hvorki að öllu leyti né að hluta til. Verður kröfu stefnanda samkvæmt fyrsta kröfulið því hafnað og staðfestur sá úrskurður óbyggðanefndar að umrætt landsvæði sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Stefnandi gerði 8. janúar 1999 sex samninga um kaup á samfelldu landi „ofan fjalls“ að norðvestanverðu úr jörðum í Ölfushreppi, nú stefnda Sveitarfélaginu Ölfusi, en í öllum tilvikum höfðu seljendurnir hver fyrir sitt leyti áður greint þetta land frá jörðunum með landskiptagerðum. Í samningunum var um nánari afmörkun hins keypta lands vísað til uppdráttar, sem Forverk ehf. hafði gert í október 1998. Á uppdrættinum voru hnitasettir punktar, sem sýndu ný mörk jarðanna gagnvart suðausturjaðri þessa lands, svo og mörk landsins í norðvestur móts við Ölfusafrétt. Síðastnefndu mörkin voru að vestan dregin frá stað, sem nefndur var „eystra horn á Reykjafelli“, en tekið var fram að ágreiningur væri um legu markalínunnar þaðan til austurs, sem ætti að enda í rauðleitum melhnúk. Um þann endapunkt voru sýndir tveir kostir og dregnar að þeim beinar línur, en sú syðri var nefnd þverlína 1 og sú nyrðri þverlína 2. Hér er um að ræða sama rauðleita melhnúk og áður var getið sem hornpunkts jarða og sveitarfélaga, sem deilt var um fyrir óbyggðanefnd í máli nr. 5/2004. Tveir af áðurnefndum kaupsamningum gagnáfrýjanda voru gerðir annars vegar við réttargæslustefndu Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur og Karítas Halldóru Gunnarsdóttur og hins vegar réttargæslustefnda Ara Eggertsson, en samanlagt keypti þar stefnandi 809 ha af óskiptu landi, sem áður heyrði til jarðanna Ytri-Þurár og Eystri-Þurár I, og var tekið þar fram að 14 ha af því væru á milli þverlínú 1 og þverlínú 2 á fyrrgreindum uppdrætti. Þriðji samningurinn var gerður við réttargæslustefndu Guðmund A. Birgisson, Siggeir Jóhannsson og Gunnlaug Jóhannsson um kaup á 2.622 ha lands, sem áður var hluti af jörðunum Núpum I, II og III, en þar af voru 316 ha sagðir vera á milli þverlínanna tveggja. Fjórdi samningurinn var við réttargæslustefndu Aldísi Eyjólfsdóttur og Jónu Guðnýju Eyjólfsdóttur um kaup á 29,56% hlutdeild jarðarinnar Vatna í óskiptu landi með jörðunum Kröggólfsstöðum og Þúfu, en þetta óskipta land taldist samtals 590 ha, þar af 111 ha á milli þverlínú 1 og 2. Fimmti samningurinn var gerður við réttargæslustefndu Jón Guðmundsson, Friðrik Kristjánsson, Björn Kristjánsson, Loftveigu Kristjánsdóttur, Kristín Kristjánsson, Ásgeir Kristjánsson og Gest

Kristjánsson um kaup á helmingshlut jarðarinnar Stóra-Saurbæjar í 395 ha óskiptu landi, sem að hinum helmingnum fylgdi jörðinni Litla-Saurbæ I, og var tekið fram að 105 ha af þessu landi væru á milli þverlínu 1 og þverlínu 2 á uppdrættinum. Sjötti samningurinn var við réttargæslustefndu Guðmund A. Birgisson og Steinunni Tómasdóttur um kaup á eignarhlut Litla-Saurbæjar I í síðastnefndu óskiptu landi. Á þessa sex samninga var færð áritun um að Ölfushreppur hafi 11. febrúar 1999 hafnað forkaupsrétti að hinu selda landi, svo og áritun fjármálaráðuneytisins 8. apríl sama ár um að fallið væri frá forkaupsrétti. Þessum samningum mun öllum hafa verið þinglýst, en afsöl á grundvelli þeirra voru gefin út til stefnanda 21. apríl 1999. Auk þessa gerði stefnandi samning 3. febrúar 1999 við stefnda íslenska ríkið um kaup á hlutdeild jarðanna Kröggólfsstaða og Þúfu, samtals 70,44%, í áðurnefndu óskiptu landi með jörðinni Vötnum. Í þessum samningi, sem undirritaður var af landbúnaðarráðherra fyrir hönd ríkisins, var á sama hátt og í kaupsamningi stefnanda við réttargæslustefndu Aldísi og Jónu Guðnýju um hlutdeild Vatna í þessu óskiptu landi greint frá því að það væri samtals 590 ha að stærð, þar af 111 ha á milli þverlínu 1 og þverlínu 2 á fyrrgreindum uppdrætti. Í sambandi við þetta var svofellt ákvæði í samningi stefnanda við ríkið, sem átti sér ekki hliðstæðu í hinum kaupsamningunum sex: „Aðilum samnings þessa er kunnugt um, að ágreiningur kunnir að rísa um landamerki jarðanna gagnvart afrétti Ölfushrepps, þ.e. hvort þverlína 1 eða þverlína 2, á uppdrætti (teikninganr. 01) Forverks hf. í mælikvarðanum 1:50000, dags. í október 1998, skuli gilda. Kaupandi lýsir því yfir að hann taki alla áhættu sem af þeim ágreiningi, ef upp kemur, kann að hljóta og muni halda seljanda skaðlausum vegna þessa.“ Þessum kaupsamningi var þinglýst og afsal á grundvelli hans gefið út 22. ágúst 2000.

Að fenginni framangreindri niðurstöðu um staðsetningu hins rauðbleika melhóls verður staðfest niðurstaða óbyggðanefndar um norðurmörk framangreindra eignarlanda stefnanda í Ölfusi.

Eins og rakið hefur verið hér að framan afsalaði stefndi íslenska ríkið landi Kröggólfsstaða og Þúfu til stefnanda að fenginni heimild Alþingis. Stefnandi segist hafa í umræddum kaupum gætt ýtrustu varfærni og ekki gengið frá kaupsamningum fyrr en löggjafinn hafði heimilað að selja stefnanda hluta af umræddum jörðum sem fullkomið eignarland. Þá hafi þessi stefndi viðurkennt landamerkjabréf annarra jarða í þessu máli með því að falla frá forkaupsrétti og árita alla samninga. Taldi stefnandi að einungis gæti risið upp ágreiningur um hvort miða skyldi við þverlínu 1 eða 2 að því er mörk afréttar varðaði. Þrátt fyrir þessa gerninga gerði stefndi íslenska ríkið hins vegar þá kröfu fyrir óbyggðanefnd að stór hluti þess lands sem hann seldi stefnanda teldist til þjóðlendu. Hvað sem því líður varð við gildistöku þjóðlendulaganna að ákvarða mörk þjóðlendu og eignarlands án tillits til þess hvort landareignir hefðu gengið kaupum og solum og skipti í því sambandi ekki máli hverjir voru aðilar að þeim samningum. Stefnandi gat ekki vænst þess að sala ríkisins á sínum hluta á umræddum jörðum eftir gildistöku þjóðlendulaga tryggði að ítarleg könnun óbyggðanefndar leiddi til þess að ekki yrði talið að landsvæðin teldust til þjóðlendu. Verður því ekki fallist á annan kröfufilið stefnanda.

Að fengnum framangreindum niðurstöðum um staðsetningu hins rauðbleika melhóls og með vísan til þeirra raka er að framan greinir ber einnig að hafna þriðja kröfufilið stefnanda.

Samkvæmt öllu framansögðu verður niðurstaðan í máli þessu sú að stefndu verða sýknaðir af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður að öðru leyti en því að stefnanda verður gert að greiða 400.000 krónur vegna málskostnaðar réttargæslustefndu Guðmundar A. Birgissonar, Aldísar Eyjólfsdóttur, Jónu Guðnýjar Eyjólfsdóttur, Jóns Guðmundssonar, Friðriks Kristjánssonar, Gests Kristjánssonar, Steinunnar Tómasdóttur, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur og Karítasar Halldóru Gunnarsdóttur.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Elínar Smáradóttur hdl., 1.000.000 krónur.

Allur gjafsóknarkostnaður stefndu sveitarfélagsins Ölfuss, Grímsnes- og Grafningshrepps, Birkis Kristjánssonar og Kristjáns Jónssonar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmannna þeirra, Ólafs Björnssonar hrl, 600.000 krónur og Óskars Sigurðssonar hrl., 800.000 krónur.

Hjörtur O. Aðalsteinsson dómstjóri kvað upp dóminn.

## **DÓMSORÐ:**

Stefndu, íslenska ríkið, sveitarfélagið Ölfus, Grímsnes- og Grafningshreppur, Birkir Kristjánsson og Kristján Jónsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Orkuveitu Reykjavíkur í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður að öðru leyti en því að stefnanda verður gert að greiða 400.000 krónur vegna málskostnaðar réttargæslustefndu Guðmundar A. Birgissonar, Aldísar Eyjólfsdóttur, Jónu Guðnýjar Eyjólfsdóttur, Jóns Guðmundssonar, Friðriks Kristjánssonar, Gests Kristjánssonar, Steinunnar Tómasdóttur, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur og Karítasar Halldóru Gunnarsdóttur.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Elínar Smáradóttur hdl., 1.000.000 krónur.

Allur gjafsóknarkostnaður stefndu sveitarfélagsins Ölfuss, Grímsnes- og Grafningshrepps, Birkis Kristjánssonar og Kristjáns Jónssonar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmannna þeirra, Ólafs Björnssonar hrl, 600.000 krónur og Óskars Sigurðssonar hrl., 800.000 krónur.

Hjörtur O. Aðalsteinsson.

